

**OFBELDI GEGN
LÖGREGLUMÖNNUM**

**Rannsókn á reynslu lögreglumanna
og tilkynntum brotum**

OFBELDI GEGN LÖGREGLUMÖNNUM

Rannsókn á reynslu lögreglumanna
og tilkynntum brotum

Ólafur Örn Bragason
Guðbjörg S. Bergsdóttir
Rannveig Þórisdóttir
Jón Óttar Ólafsson

REYKJAVÍK 2007

©2007 Höfundar

ISBN: 978-9979-9565-6-3

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefanda.

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

Útgáfustaður: Reykjavík

Hönnun forsiðu: Grafika 2007

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Formáli

Árið 2004 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á því hvernig lögreglumenn meta starfsumhverfi sitt og viðhorf þeirra til ýmissa mála sem lúta að starfi þeirra. Meðal annars var spurt um ofbeldi gegn lögreglumönnum en einnig um reynslu þeirra og viðhorf til áfallahjálpar. Niðurstöður bentu til þess að skoða þyrfti nánar hótanir og ofbeldi gegn lögreglumönnum með það fyrir augum að leita leiða til að draga úr tíðni og alvarleika þess.

Í þessari skýrslu er leitast við að meta nánar tíðni og alvarleika ofbeldis sem lögreglumenn verða fyrir. Annars vegar eru skoðaðar niðurstöður könnunar á reynslu starfandi lögreglumanna af ofbeldi, bæði í starfi og utan þess. Meðal þess sem spurt var um í könnuninni var mat þeirra á afleiðingum ofbeldis, leit eftir aðstoð í kjölfar ofbeldis og mat þeirra á stuðningi frá umhverfinu, þ.e. yfirmönnum, starfsfélögum, vinum, fjölskyldu o.fl. Hins vegar voru þau ofbeldisbrot gegn lögreglu sem tilkynnt voru til yfirvalda á árunum 1998-2005 skoðuð og greind nánar. Þar var skoðað m.a. ástand og vopnanotkun árásmanna, vettvangur ofbeldisins, áverkar lögreglu og valdbeiting.

Aðstandendur könnunarinnar vilja koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra lögreglumanna sem sáu sér fært að taka þátt með því að svara spurningalistanum. Framlag þeirra var lykilatriði í þessari rannsókn. Enn fremur eiga lögreglustjórar, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og starfsmenn þeirra þakkir skildar fyrir að veita rannsókninni stuðning með því að kynna hana fyrir lögreglumönnum og aðstoða við að dreifa spurningalistum og safna þeim saman. Þá vilja höfundar þakka öllum þeim sem veitt hafa ráðgjöf og leiðbeiningu á öllum stigum rannsóknarinnar.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	8
Könnun meðal lögreglumanna	8
Rannsókn á skráðum brotum í málaskrá lögreglu.....	10
Fræðilegur bakgrunnur.....	13
Könnun meðal lögreglumanna	19
Aðferð	21
Niðurstöður	27
Reynsla lögreglumanna af hótunum um ofbeldi og ofbeldi í þeirra garð á síðastliðnum fimm árum	27
Reynsla lögreglumanna af hótunum í þeirra garð á síðastliðnum fimm árum.....	28
Reynsla lögreglumanna af ofbeldi án meiðsla á síðastliðnum fimm árum.....	30
Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla (litlir marblettir, skrámur) á síðastliðnum fimm árum	32
Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla (t.d. stórir marblettir) á síðastliðnum fimm árum ...	34
Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka (brot, höfuðáverkar) á síðastliðnum fimm árum	36
Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar (útlímamissir, örorka) á síðastliðnum fimm árum ...	37
Greining á síðasta atviki þar sem lögreglumenn urðu fyrir ofbeldi í vinnu	38
Hótun um ofbeldi í vinnu	41
Ofbeldi án meiðsla í vinnu	42
Ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla í vinnu	43
Ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla í vinnu	45
Greining á einstaka atvikum þar sem lögreglumenn hafa orðið fyrir ofbeldi utan vinnu	46
Hótun um ofbeldi utan vinnu.....	48
Hótanir í garð fjölskyldu lögreglumanna vegna starfa þeirra ...	49

Þekking á umburðarbréfi og samantekt á brotum gegn valdstjórninni	49
Tillögur þátttakenda um aðgerðir	50
Umræða um könnun meðal lögreglumanna	51
Rannsókn á skráðum brotum	55
Aðferð	57
Niðurstöður	61
Fjöldi brota	61
Tími brotanna	62
Upphaf málanna	64
Upplýsingar lögreglu um aðstæður áður en hún mætir á vettvang	65
Vettvangur ofbeldis	68
Tegund ofbeldis	71
Áverkar lögreglumanna	75
Fjöldi á vettvangi og fjöldi áráðarmanna	76
Ástand áráðarmanna	78
Valdbeiting lögreglunnar	80
Einstaklingar	83
Aldur grunaðra	89
Ferill mála	92
Umræða um rannsókn á skráðum brotum	95
Sameiginleg umræða.....	98
Heimildir	103
Mynda- og töfluskrá	107
Viðauki	113
Spurningalisti um ofbeldi gegn lögreglumönnum	115
Tillögur þátttakenda.....	123
Breytur	124
Töflur	126

Helstu niðurstöður

Ritinu er skipt í tvo hluta. Í þeim fyrri er greint frá niðurstöðum könnunar á ofbeldi gegn lögreglumönnum sem gerð var meðal starfandi lögreglumanna á árinu 2005. Í síðari hluta ritsins er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á skráðum brotum úr málaskrá 1998-2005.

Könnun meðal lögreglumanna

Niðurstöður byggjast á svörum 397 lögreglumanna (þ.e. 61% starfandi lögreglumanna á þeim tíma) við póstkönnun sem framkvæmd var í apríl og maí 2005. Öllum starfandi lögreglumönnum var boðið að svara spurningalista í vinnutíma sínum.

Ofbeldi eða hótun á síðustu fimm árum

- Um 70 prósent lögreglumanna sögðust hafa orðið fyrir hótun í vinnu og 26 prósent utan vinnutíma vegna starfs síns.
- Um 43 prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi án þess að hljóta meiðsli af í vinnu og sjö prósent utan vinnutíma.
- Um 40 prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi í starfi og þrjú prósent utan vinnutíma.
- Um 15 prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla við störf sín og tvö prósent utan vinnutíma.
- Um fjögur prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka (brot, höfuðáverkar) í vinnu sinni og eitt prósent utan vinnutíma.
- Um eitt prósent lögreglumanna hafði orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar í vinnu en enginn hafði orðið fyrir svo alvarlegu ofbeldi utan hennar.

Upplýsingar um síðasta atvik

- Í flestum tilvikum (64%) var hótun um ofbeldi það ofbeldi sem lögreglumanni var síðast sýnt við störf. Því næst kom ofbeldi án meiðsla (19%) og ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla (13%).

- Um 31 prósent atvikanna átti sér stað inni á lögreglustöð en þar á eftir var algengast (21%) að atvikið hafi átt sér stað utandyra og ekki staðsett nánar.
- Lögreglumenn urðu oftast fyrir ofbeldi á föstudögum og laugar-
dögum en sjaldnast á mánudögum og miðvikudögum.
- Um 55 prósent atvika áttu sér stað að nóttu til (milli kl. 00.01 og
08.00).
- Því alvarlegri sem afleiðingar ofbeldisins voru, þeim mun alvar-
legra töldu lögreglumennirnir að atvikið hefði verið.
- Í yfir helmingi tilvika átti ofbeldið sér stað við handtöku en
einnig var algengt að ofbeldið kæmi fram við afskipti af störfum
lögreglu (15%), við rannsókn máls (15%) eða þegar fyrirmælum
lögreglu var ekki hlýtt (11%). Í fæstum tilvikum var um fyrirvara-
lausa árás að ræða.
- Í aðeins 14 prósentum tilvika leituðu lögreglumenn sér aðstoðar
eftir að hafa orðið fyrir ofbeldinu. Þeir leituðu sér frekar aðstoðar
hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi en eftir stuðningi hjá maka,
starfsfélaga eða vini.
- Rúmlega fimm prósent lögreglumanna voru frá vinnu í einhvern
tíma eftir síðasta atvik.
- Lögreglumenn voru í þriðjungi mála sáttir eða mjög sáttir við
hvernig málið var meðhöndlað innan lögreglunnar en um 35
prósent voru ósátt eða mjög ósátt með málarekstur innan lög-
reglunnar.
- Flestir lögreglumenn (28%) nefndu að aukin fagmennska á vett-
vangi gæti dregið úr líkum á ofbeldi gegn lögreglumönnum.
Þessu til útskýringar voru nefnd atriði eins og dómgreind, þol-
inmæði, sanngirni, góðvild, ákveðni og kurteisi.

Rannsókn á skráðum brotum í málaskrá lögreglu

Niðurstöður byggjast á tilkynntum ofbeldisbrotum gegn lögreglumönnum sem skráð voru í málaskrá lögreglu á tímabilinu 1998-2005.

- Tilkynnt var um alls 685 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum (106. gr. hgl.) á árunum 1998-2005.
- Ekki er munur á fjölda eftir mánuði, en brotin gerast aðallega að nóttu til um helgar.
- Upphaf brotanna má í flestum tilvikum (35%) rekja til deilna, í 33 prósentum til óspekta á almannafæri og í 12 prósentum til umferðarafskipta.
- Í 65 prósentum brota vissu lögreglumenn að róa þyrfti fólk á vettvangi og vitað var af slagsmálum eða ofbeldi á vettvangi í fjórðungi tilvika.
- Í 12 prósentum brota hafði árásarmaður ekki haft samskipti við lögregluna áður en hann gerði árás.
- Lögreglumenn urðu oftast fyrir ofbeldi við óspektir á almannafæri (32% tilvika), við samskipti á umráðasvæði lögreglu (25% tilvika) og við deilur einstaklinga (20% tilvika). Meirihluti ofbeldisins átti sér stað á sama vettvangi og verkefnið byrjaði. Ef ofbeldið átti sér stað annars staðar var það yfirleitt á umráðasvæði lögreglu.
- Árásaraðferðir voru margskonar. Lögreglunni var a.m.k. hótað í 18 prósentum tilfella, a.m.k. sparkað í hana í 14 prósentum tilvika og hún a.m.k. kýld í 11 prósent brota.
- Í 14 prósentum brota kom vopn fyrir. Vopnið var eggvopn í 34 prósentum tilfella, í 33 prósentum var það barefli, í 19 prósentum tilfella ökutæki og í 15 prósentum tilfella „annað“. Í einu tilviki á tímabilinu var vopnið skotvopn. Það var árið 2001 en þá var lögreglumanni ógnað með skammbyssu.
- Lögreglan hlaut áverka eftir árás í 39 prósentum brota ef litið er til alls tímabilsins. Er lögreglumenn urðu fyrir ofbeldi við afskipti af gangandi vegfaranda hlutu þeir í rúmlega helmingi tilvika áverka og ef þeir urðu fyrir ofbeldi á umráðasvæði sínu hlutu þeir í 48 prósentum brota einhverja áverka. Algengast var að lögreglumenn fengju nokkra áverka þegar árásin var óvænt, eða í sex prósentum þeirra tilvika.

- Á tímabilinu voru í flestum tilvikum fleiri aðilar á vettvangi en árársaðili en fjöldi árársarmanna var þó oftast aðeins einn (í 76% brota). Í um 10 prósentum tilvika var fjöldi árársarmanna þrjár eða fleiri.
- Árársarmaður var ölvaður í 83 prósentum þessara brota, allsgáður í sjö prósentum brota, undir áhrifum áfengis og fíkniefna í fjórum prósentum tilvika, og einungis fíkniefna í þremur prósentum.
- Árársarmaður átti við geðræn vandamál að stríða í sjö prósentum tilvika en á tímabilinu varð lítilsháttar fjölgun á að einstaklingar sem beittu lögreglu ofbeldi ættu við slík vandamál að stríða.
- Í 65 prósentum brotanna var ekki búið að handtaka einstakling þegar árás varð. Í fjórðungi tilvika var búið að handtaka einstakling og í níu prósentum tilvika var verið að handtaka einstaklinginn þegar hann gerði árás.
- Í tíunda hverju atviki var árársarmaður í handjárnnum þegar hann gerði árás en þá voru hlutfallslega meiri líkur á að lögregla hlyti áverka af heldur en ef hann gerði árás handjárnalaus.
- Í helmingi tilvika var ein af valdbeitingum lögreglunnar eftir árás handjárn, í 20 prósentum tilvika tók, táragas í níu prósentum tilvika og kylfa í fjórum prósentum þessara brota. Engu valdi var beitt í 12 prósentum tilvika.
- Á árunum 2000-2005 voru 479 einstaklingar kærðir 516 sinnum fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni. Flestir voru aðeins kærðir einu sinni (87%), tæp 11 prósent voru kærð fyrir tvö slík brot og tæp tvö prósent fyrir þrjú brot. Líkt og í öðrum ofbeldisbrotum voru karlar í miklum meirihluta kærðra (87%). Meðalaldur þeirra karla sem voru kærðir voru tæp 27 ár en tæp 24 hjá konum.
- Einstaklingar sem kærðir voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum á árunum 2000-2005 hafa flestir komið oft við sögu lögreglu. Tveir einstaklingar höfðu þó einungis brotið af sér í þetta eina skipti. Alls höfðu 95 karlanna brotið af sér oftast en 50 sinnum en aðeins átta konur.
- Nánast enginn munur er á því hversu alvarleg málin eru ef miðað er við hvort karlar eða konur eru grunuð um verknaðinn. Áverkar voru smávægilegir í 45 prósentum tilvika þar sem karlmaður var grunaður um verknaðinn og í 52 prósentum tilvika þar sem kona var grunuð.

- Rannsókn var hætt í um 26 prósent málanna (76. gr. hgl.) á tímabilinu 2000-2005 en um fimmtungur þeirra fór áfram í ákærumeðferð. Um 58 prósent þeirra mála enduðu með dómi, annaðhvort Hæstaréttar eða héraðsdóms. Málsmeðferðartími milli ára hefur sveiflast nokkuð síðustu ár.
- Athyglisvert er að ekki fundust nein tengsl á milli alvarleika áverka sem lögreglan fékk og hvort málið fékk ákærumeðferð. Líkt og í öðrum brotaflokkum virðast aðrir þættir skipta meira máli við ákvörðun um slíkt, t.d. styrkleiki sönnunargagna.

Fræðilegur bakgrunnur

Ofbeldi á vinnustað

Fræðimenn um allan heim hafa ekki enn getað komið sér saman um skilgreiningu og notkun á hugtökunum *ofbeldi og vinnustaður*. Þá hefur því verið haldið fram að engin ein skilgreining geti verið tæk á öllum vinnustöðum eða við allar aðstæður. Hins vegar ber flestum saman um að ofbeldi sé ekki bara líkamlegt heldur einnig sálrænt (Wiskow, 2003). International Labour Office, International Council of Nurses, World Health Organisation og Public Services International gerðu árið 2003 könnun á ofbeldi gegn starfsmönnum heilbrigðiskerfisins. Í rannsókninni var ofbeldi skilgreint sem bæði líkamlegt og sálrænt. Líkamlegt ofbeldi var skilgreint sem beiting aflls gagnvart öðrum aðila eða hópi sem leiðir til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða. Þessi skilgreining nær yfir hegðun eins og að berja, sparka, slá, stinga, skjóta, ýta, bíta, klípa o.fl. Sálrænt ofbeldi eða tilfinningaleg misnotkun var skilgreint sem vísvitandi beiting valds, þ.m.t. hótun um líkamlegt ofbeldi, gagnvart öðrum aðila eða hópi sem getur leitt til líkamlegs, andlegs, trúarlegs eða siðferðislegs skaða. Þessi skilgreining nær yfir hegðun eins og svívirðingar, einelti, áreitni og hótanir (World Health Organisation o.fl., 2003).

Íslenskar rannsóknir á ofbeldi á vinnustað

Í könnun sem gerð var meðal starfsmanna á heilbrigðisstofnunum hér á landi kom fram að fjórðungur starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á síðustu sex mánuðum (Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, 1997). Rúm 20 prósent höfðu orðið fyrir svívirðingum og sex prósent fyrir hótunum. Fram kom að algengara er að karlar verði fyrir líkamlegu ofbeldi en konur og yngra fólk frekar en eldra. Í skýrslu nefndar um álagmat hjá starfsfólki Landspítala kemur fram að 15-50 prósent starfsmanna þjást af streitu, skorti á einbeitingu, magnleysi, óöryggi og eiga við vandamál að etja vegna einkenna frá stoðkerfi (Berglind Helgadóttir o.fl., 2001).

Árið 2003 kom út niðurstöðuskýrsla könnunar á heilsufari, líðan og vinnuumhverfi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Markmið rannsókn-

arinnar var að kanna líkamlega, andlega og félagslega líðan starfsmanna og athuga tengsl við vinnuálag og starfsaðstæður. Fram kom að níu prósentum hjúkrunarfræðinga hafði verið hótad á síðastliðnum sex mánuðum, sjö prósent höfðu orðið fyrir einelti og þrjú prósent fyrir líkamlegu ofbeldi. Sjúklingar og samstarfsmenn voru helstu gerendur kynferðislegrar áreitni en sjúklingar áttu oftast sökina þegar um einelti, líkamlegt ofbeldi eða hótanir var að ræða (Herdís Sveinsdóttir, Hólmfríður Gunnarsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir, 2003). Sjúklingar og samstarfsmenn voru helstu gerendur kynferðislegrar áreitni eða í 19 prósentum tilvika, en munurinn var minni á milli hópa þegar spurt var um gerendur eineltis, líkamlegs ofbeldis og hótana. Þrátt fyrir minni mun voru sjúklingar einnig oftast gerendur í þeim tilvikum.

Í könnun á heilsufari, líðan og vinnuumhverfi starfsfólks í öldrunarþjónustu kom fram að um 12 prósent starfsfólks höfðu orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða hótunum í vinnunni (Berglind Helgadóttir o.fl., 2001). Algengast var að vistmenn eða sjúklingar ættu þar hlut að máli. Í ljós kom að þetta hafði margvísleg áhrif á líðan þessa starfsfólks. Til dæmis var það líklegra en annað starfsfólk til að finna til óþæginda í mjóbaki, herðum og öxlum, auk þess sem það var óánægðara í starfi, upplifði minni glaðværð og samstöðu í starfshópnum og var óánægðara með samskipti sín við samstarfsfólk og yfirmenn. Spurt var um mikilvæga þætti eins og hvort til væru skriflegar leiðbeiningar á vinnustaðnum um hvernig taka ætti á vandamálum eins og reykingum, áfengisvanda, einelti, ofbeldi, hótunum og smithættu og hvernig skrá ætti slys og veikindafjarvistir. Þrátt fyrir að stór hluti starfsfólks taldi slíkar leiðbeiningar ekki vera fyrir hendi vissu þó flestir um skriflegar leiðbeiningar varðandi reykingar, skráningu slysa og veikindafjarvistir. Niðurstöður þessar undirstrika að mikilvægt er að til séu skriflegar leiðbeiningar um hvernig taka skuli á atriðum sem varða vinnuvernd, s.s. reykingum, áfengisvandamálum, einelti, ofbeldi, hótunum og smithættu og hvernig eigi að skrá slys og veikindafjarvistir. Þessar leiðbeiningar þurfa að vera kunnar öllum starfsmönnum.

Erlendar rannsóknir á ofbeldi gegn lögreglumönnum

Árið 1995 var gerð könnun í Bandaríkjunum á morðum og líkamsárásum sem áttu sér stað á vinnustöðum. Könnunin var lögð fyrir samtímis um allt landið á aðeins einni viku. Fram kom að 20 morð og 18 þúsund líkamsárásir höfðu átt sér stað í þeirri viku og þeir sem voru í mestri hættu á að verða fyrir ofbeldinu voru leigubílstjórar, réttarþjónar, lögreglumenn, bensínafgreiðslumenn og öryggisverðir (Jenkins, 1996). Rannsóknir sem þessar hafa kallað á viðbrögð yfirvalda í mörgum vestrænum ríkjum og hafa viðmiðunarreglur verið gefnar út í flestum löndum um hvernig beri að meðhöndla afleiðingar ofbeldis. Tehrani (2004) aflaði upplýsinga úr nokkrum rannsóknum og benti yfirlit hennar til þess að nokkur störf hefðu hæstu tíðni ofbeldis á vinnustað. Þau eru umönnunarstörf við þá sem eru í neyð, þeir sem sjá um stjórnun og eftirlit, sendlastörf, þeir sem veita menntun eða þjónustu, þeir sem bera verðmæt tæki, vinna við versunarstörf, fylgja eftir lögum og reglugerðum, vinna á nóttunni og vinna einir. Þrátt fyrir að ofantaldir þættir tengjast líkum á að verða fyrir ofbeldi á vinnustað er óljóst að hvaða leyti samlagning þessara þátta auki líkurnar á ofbeldi. Því þarf ekki að vera að lögreglumaður sem starfar einn að nóttu til sé þrisvar sinnum líklegri að verða fyrir ofbeldi en lögreglumaður sem starfar með þremur öðrum að degi til.

Árið 1994 var gerð athugun á árásum á lögreglumenn í Bretlandi (Brown, 1994). Valin voru tvö lögregluembætti og reyndust þar vera um 226 atvik skráð árið 1992. Niðurstöður bentu til þess að allt að 14 prósent lögreglumanna yrðu fyrir árás á ári hverju en algengast var að ráðist væri á almenna lögreglumenn eða aðstoðarvarðstjóra. Einnig kom fram að árásir á lögreglumenn ættu sér stað við margs konar ólíkar aðstæður. Algengast var að lögreglumenn yrðu fyrir árás þegar þeir voru að fást við óspektir almennings (22%), deilur milli fólks (21%) eða þegar bifreiðar voru stöðvaðar (17%). Þar á eftir komu verkefni eins og að hafa afskipti af grunsamlegu fólki (10%), að reyna að stöðva afbrotamenn sem þeir stóðu að verki (10%), skipulagðar aðgerðir eins og leit á vettvangi eða handtaka grunaðra aðila (7%) og meðhöndlun fanga eða almennings á umráðasvæði lögreglu (þ.e. inni á lögreglustöð og á lóð embættisins) (6%). Sjaldnast var um fyrirvaralausar árás (4%) að ræða. Þegar eðli árásanna var skoðað kom fram að í einum þriðja tilvika átti árásin sér stað áður en lögreglumaður hafði

tækifæri til að tala við árársaraðilann. Í einum fjórða þeirra tilfella þar sem lögreglumaður hlaut áverka af var hann að handtaka grunaðan aðila og í einum fjórða tilfella þegar árársarmaðurinn var í haldi lögreglu. Þetta var algengt þar sem sakborningar voru ölvaðir eða þegar sakborningar leituðu leiða til að flýja úr haldi. Um 17 prósent lögreglumanna urðu fyrir meiðslum sem talin voru alvarleg og í rúmum helmingi þeirra tilfella var lögreglumaður að stöðva bifreið eða að fást við óspektir almennings. Þrátt fyrir að í aðeins fjórum prósentum þeirra tilvika þar sem áverkar voru metnir alvarlegir væri um fyrirvaralausá árás að ræða, voru alvarleg meiðsl hlutfallslega algengari afleiðing þegar um fyrirvaralausá árás var að ræða en þegar aðrar tegundir árása voru athugaðar. Í átta prósentum tilvika þar sem lögreglumaður hlaut áverka af hafði árársarmaðurinn notað vopn af einhverri gerð. Flestar árásir urðu um helgar frá kl. 22.00 til 03.00 og þá sérstaklega við vínveitingastaði.

Svipuð niðurstaða kemur í ljós í rannsókn á ofbeldisbrotum gegn áströlsku lögreglunni (Mayhew, 2001). Þannig benda rannsóknir til þess að um tíu prósent ástralskra lögreglumanna verði fyrir árás á ári hverju og verða fleiri karlar en konur fyrir þessu ofbeldi enda mun fleiri karlar starfandi í áströlsku lögreglunni (tæp 84%). Í Ástralíu eru lögreglumenn í mestri hættu að verða fyrir árásum þegar þeir bregðast við heimiliserjum en slíkar aðstæður eru mjög ófyrirsjáanlegar. Flestir hljóta minniháttar áverka og þurfa ekki að taka frí frá vinnu í kjölfarið. Algengast er að árásir eigi sér stað um helgar og á kvöldin, þá sérstaklega þegar lögreglumenn handtaka, handsama eða fylgja grunuðum aðila. Hlutfallslega flestir sem verða fyrir árásum eru ungir að árum, með sjö ára starfsaldur eða styttri, almennir lögreglumenn eða aðstoðarvarðstjórar. Líkamlegir aflsmunir (e. physical force) er algengasta orsök meiðsla en þar á eftir kemur snerting við líkamsvessa (t.d. blóð), árekstur (högg) við vegg eða götu, barefli eða oddhvass hlutur (t.d. nagli). Hnífum og skotvopnum er sjaldan beitt gegn lögreglu. Höfundur samantektarinnar telur upp þrjár ástæður fyrir því að ungir, óreyndir, almennir lögreglumenn verði helst fyrir árásum. Í fyrsta lagi hefur reynslumiklum lögreglumönnum verið veitt stöðuhækkun og starfa þeir því ekki á götunni. Í öðru lagi eru yngri lögreglumenn settir í störf þar sem meiri hætta er á árásum, eins og kvöldvaktir við vínveitingastaði. Í þriðja lagi er mögulegt að reyndari

lögreglumenn geti betur borið kennsl á viðvörðunarkerki hættulegra aðstæðna en þeir sem óreyndari eru og geri því viðeigandi varúðar-ráðstafanir.

Íslenskar rannsóknir á ofbeldi gegn lögreglumönnum

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á ofbeldi gegn lögreglumönnum hér á landi. Ein viðamesta rannsóknin á þessu sviði var gerð árið 2004 (Félagsvísindastofnun, 2004). Þar kom fram að 64 prósentum lögreglumanna hafði verið hótad eða þeir áreittir vegna starfs síns á þann hátt að þeir hafi talið áreitið alvarlegt. Þá sögðust 54 prósent þátt-takenda hafa orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu og 41 prósent hafði orðið fyrir því að hótunum eða öðru alvarlegu áreiti hafði verið beint gegn fjölskyldu þeirra vegna lögreglustarfsins. Um 37 prósent þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir hótunum eða líkamsmeiðingum í starfi eða að fjölskylda þeirra hafi orðið fyrir hótunum, sögðust hafa kært tilvikið. Þeir sem höfðu orðið fyrir alvarlegum hótunum eða líkamsmeiðingum í lögreglustarfinu, eða fjölskyldu þeirra verið hótad, voru spurðir hvort þeir væru sáttir eða ósáttir við það hvernig tekið hefði verið á málunum innan lögreglunnar. Um 46 prósent sögðust vera mjög eða frekar ósátt en 27 prósent voru mjög eða frekar sátt. Af svörum lögreglumannanna má því draga þá ályktun að starf þeirra sé talsvert streituvaldandi og starfsaðstæður oft erfiðar og að stór hluti lögreglumanna verði fyrir hótunum og líkamlegu ofbeldi. Samkvæmt rannsókninni kæra fáir þessi atvik og stór hluti lögreglumanna er ósáttur við hvernig tekið hafi verið á þessum málum innan lögreglunnar.

Samantekt á ofbeldi gegn lögreglumönnum árið 2001

Árið 2003 birtist samantekt embættis ríkislögreglustjóra á ofbeldi gegn lögreglumönnum árið 2001 (Theodór Kristjánsson, 2003). Markmið samantektarinnar var að skoða aðdraganda atvika, skráningu mála og meðferð þeirra og leggja til úrbætur sem miða að því að draga úr slíkum tilvikum. Um 75 prósent mála áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu en önnur mál dreifðust nokkuð jafnt á aðra landshluta. Upptök ofbeldisins mátti í flestum tilvika rekja til þess að fyrir-

mælum lögreglu var ekki hlýtt, eða í 49 tilvikum af 81. Þá var um fyrirvaralausá áráð að ræða í 16 tilvikum og í átta tilvikum afskipti af störfum lögreglu. Flestir þeirra 98 einstaklinga sem kærðir voru vegna ofbeldis gegn lögreglu voru karlar á aldrinum 13 til 29 ára. Fæstum málanna var lokið á þeim tíma er samantektin var gerð en flest mál voru í ákærumeðferð (27), höfðu verið lögð upp (21) eða rannsókn verið hætt (16). Í lok skýrslunnar voru þrjár tillögur um úrbætur lagðar fram. Sú fyrsta var að bæta við brotaflokkum í málaskrá lögreglu til samræmis við lögreglulög (fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt og enginn má tálma manni að gegna lögreglustarfi). Önnur tillagan var að gefin yrðu út fyrirmæli um skoðun læknis hlyti lögreglumaður áverka því áverkavottorð telst til sönnunargagna og á að liggja fyrir. Þriðja tillagan var sú að gæta þyrfti nákvæmni við skýrslugerð. Brot á 106. og 107. grein almennra hegningarlaga krefjast ásetnings geranda og því þarf að huga vel að atvikalýsingu í lögregluskýrslum.



Könnun meðal lögreglumanna



Aðferð

Þátttakendur

Öllum starfandi lögreglumönnum á landinu á tímabilinu apríl til maí 2005 var boðin þátttaka í rannsókninni, samtals 650. Eingöngu var boðin þátttaka þeim sem höfðu lokið grunnámi í Lögregluskóla ríkisins en ekki héraðslögreglumönnum og afleysingamönnum. Svör bárust frá 397 lögreglumönnum, sem er 61 prósent svarhlutfall. Talsvert betri heimtur voru af landsbyggðinni en af höfuðborgarsvæðinu eða 77 prósentu svarhlutfall á móti 60 prósentum.

Bakgrunnspættir


Spurningar voru greindar eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, stöðu, meginstarfssviði, vinnufyrirkomulagi, starfsaldri og stærð embættis.

Kyn

Karlar voru 91 prósent (335) svarenda en konur um 9 prósent (32), en 30 gáfu ekki upp kyn sitt. Þetta hlutfall endurspeglar nokkuð vel raunverulega skiptingu kynjanna innan lögreglunnar en 90 prósent lögreglumanna eru karlar og 10 prósent konur.

Aldur


Flestir þeirra sem svöruðu könnuninni voru á aldrinum 26-45 ára (sjá mynd 1). Meðalaldur þátttakenda var 40 ár ($sf= 10,2$, $n=336$), en 61 þátttakandi gaf ekki upp aldur sinn. Meðalaldur starfandi lögreglumanna er þremur árum hærri eða 43 ár. Þótt munurinn sé ekki mikill er rétt að hafa þetta í huga við lestur ritsins. Aldursdreifing þátttakenda er þó svipuð raunaldursdreifingu lögreglumanna, þ.e. 35 prósent voru 34 ára og yngri en 65 prósent voru 35 ára og eldri (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2004).




Mynd 1. Aldur svarenda eftir fjölda í hverjum aldursflokki.

Staða

Á mynd 2 má sjá að hærra hlutfall yfirlögregluþjóna og aðstoðar-yfirlögregluþjóna svaraði spurningalistanum en hlutfall þeirra af heildarfjölda starfandi lögreglumanna eru átta prósent. Þessu er hins vegar öfugt farið með almenna lögreglumenn. Þetta kemur vel fram á mynd 2 þar sem sjá má samanburð við raunverulega skiptingu starfsheita. Þótt ekki muni miklu að hlutfallið sé hið sama er rétt að hafa þetta í huga við lestur skýrslunnar.



Mynd 2. Staða þátttakenda miðað við raunhlutfall.



Mynd 3. Meginstarfssvið þátttakenda.

Meginstarfssvið

Hlutfallslega flestir höfðu almenna löggæslu sem meginstarfssvið, næst flestir rannsóknir afbrota og þar á eftir kom stjórnun (sjá mynd 3). Um 14 prósent þátttakenda flokkast undir hóp sem hefur mörg meginstarfssvið þar sem störf lögreglumanna á landsbyggðinni ein-skorðast víða ekki við neitt eitt ákveðið starfssvið.

Vinnufyrirkomulag


Helmingur þátttakenda var í vaktavinnu og fjórðungur í dagvinnu. Álíka margir voru annaðhvort í dagvinnu og á bakvöktum, eða í vaktavinnu og á bakvöktum, en það voru 10-12 prósent svarenda (sjá töflu 1).

Tafla 1. Vinnufyrirkomulag þátttakenda.

	Fjöldi	Hlutfall
Dagvinna	87	23,5%
Vaktavinna	185	49,9%
Dagvinna og bakvaktir	43	11,6%
Vaktavinna og bakvaktir	38	10,2%
Annað	18	4,8%
Svarar ekki	26	-
Alls	397	100%

Starfsreynsla


Starfsreynsla þátttakenda reyndist mikil. Stór hópur hafði starfað í lögreglunni í 20 ár eða meira. Nokkuð jafnt er í öðrum hópum fyrir utan þann hóp sem hefur 10-14 ára starfsreynslu en í þann hóp féllu tæplega tíu prósent þátttakenda (sjá mynd 4).



Mynd 4. Starfsaldur þátttakenda.

Stærð embætta

Eins og mynd 5 sýnir voru flestir lögreglumenn hjá embættum þar sem 35 manns eða fleiri starfa en fæstir komu frá minnstu embættunum þar sem einn til níu manns starfa.



Mynd 5. Hlutfall þátttakenda eftir stærð embætta.

Þegar bakgrunnspættir þátttakenda eru skoðaðir er ljóst að þátttakendur endurspeгла raunverulega dreifingu starfandi lögreglumanna almennt hvað aldur, kyn og stöðu varðar. Starfsaldur þátttakenda var þó talsvert langur en flestir höfðu starfað í 20 ár eða lengur. Þrátt fyrir að svarhlutfall hafi einungis verið rúm 60 prósent virðast þátttakendur endurspeгла þýðið nokkuð vel og því er hægt að segja að alhæfingagildi niðurstaðna sé gott.

Mælingar

Einn spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur um ofbeldi gegn lögreglumönnum en einnig var spurt um bakgrunn þátttakenda (þ.e. aldur, kyn, menntun, stöðu og starfssvið).

Ofbeldi gegn lögreglumönnum

Settur var saman spurningalisti til að meta tíðni og styrk ofbeldishegðunar gegn lögreglumönnum í vinnu og utan hennar. Ofbeldi var flokkað eftir alvarleika þar sem á öðrum enda kvarðans er hótun um ofbeldi og á hinum ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar. Því er alvarleiki skilgreindur eftir afleiðingum ofbeldisins. Þá var spurt hvort lögreglumaður hafði orðið fyrir einhverri fyrirframtilgreindri tegund ofbeldis á síðastliðnum fimm árum og ef svo var, þá hversu oft það hafði átt sér stað. Til þess að fá nánari upplýsingar um mismunandi tegundir ofbeldis voru lögreglumenn beðnir um að svara nokkrum nákvæmum spurningum um síðasta atvik sem þeir höfðu lent í. Þá var spurt um aðstæður atviks, afgreiðslu máls, leit eftir aðstoð og mat á alvarleika og áhrifum ofbeldisins. Sérstaklega var spurt um hótanir í garð fjölskyldu lögreglumanna, gegn hverjum hótunin beindist og hvort hótunin hafi verið kærð eða tilkynnt. Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér efni umburðarbréfs ríkislög-reglustjóra dagsett 10. janúar 2003 sem kom í kjölfar samantektar embættisins um ofbeldi gegn lögreglumönnum og varð til þess að eftirtaldir brotaflokkar voru stofnaðir í málaskrá lögreglu: a) Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996), b) Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu (21. gr. lögreglulaga nr. 90/1996).


Framkvæmd

Framkvæmd var þannig háttað að Ríkislögreglustjóri sendi umburðarbréf til allra lögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins þar sem gerð var grein fyrir rannsókninni, tilgangi hennar og uppbyggingu. Þá vakti Ríkislögreglustjóri athygli á mikilvægi þess að lögreglustjórar veittu rannsókninni stuðning til að tryggja sem besta þátttöku. Í kjölfar umburðarbréfsins hafði rannsakandi samband við yfirmann hvers lögregluembættis og Lögregluskóla ríkisins og óskaði eftir aðstoð við að koma spurningalistum til lögreglumanna viðkomandi embættis og endurheimta þá að svörun lokinni. Spurningalistum, ásamt ómerktum umslögum, var komið til hvers embættis. Rannsóknin var svo kynnt með tölvupósti til allra starfandi lögreglumanna, en auk þess kynntu yfirmenn hjá hverju embætti rannsóknina. Þátttakendur skiluðu svo útfylltum spurningalistum í kassa á hverri lögreglustöð fyrir sig. Umslögum var safnað saman af yfirmanni eða tengilið hans og send í einu lagi til rannsakanda. Ítrekunarbréf var sent með tölvupósti til allra lögreglumanna til að minna á skil mánuði eftir að spurningalistinn var sendur út. Þess ber að geta að kynning innan embætta kann að hafa verið mismunandi þar sem tengiliður rannsakanda á hverjum stað sá um hana.

Niðurstöður

Reynsla lögreglumanna af hótunum um ofbeldi og ofbeldi í þeirra garð á síðastliðnum fimm árum


Þátttakendur voru spurðir um reynslu sína af því að verða fyrir hótunum og ofbeldi í starfi sínu síðastliðin fimm ár, bæði á vinnutíma og utan hans. Þeir sem svöruðu því til að þeir hefðu orðið fyrir hótun eða ofbeldi voru spurðir nánar um síðasta atvik sem þeir lentu í. Fyrst verður farið yfir niðurstöður um ofbeldi sem þátttakendur sögðust hafa orðið fyrir á síðustu fimm árum. Mynd 6 sýnir samandregnar niðurstöður þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi í og utan vinnu greint eftir tegund ofbeldis.



Mynd 6. Hlutfall svarenda sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi í og utan vinnu greint eftir tegund ofbeldis.


Reynsla lögreglumanna af hótunum í þeirra garð á síðastliðnum fimm árum

Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að vera hótað ofbeldi, bæði í vinnu sinni og utan hennar. Ef þeim hafði verið hótað var spurt hversu oft það hafði átt sér stað á síðustu fimm árum. Um 70 prósent lögreglumanna sögðust hafa fengið hótanir við störf á síðastliðnum fimm árum. Þá höfðu 26 prósentum lögreglumanna verið hótað utan vinnutíma (sjá mynd 7). Fjöldi þeirra lögreglumanna, sem sagði að sér hafi verið hótað ofbeldi í vinnu sinni, er sambærilegur við niðurstöður fyrri rannsókna (Félagsvísindastofnun, 2004). Hins vegar kemur á óvart hversu hátt hlutfall lögreglumanna hefur verið hótað utan vinnu vegna starfs síns. Ekki hefur áður verið spurt með þessum hætti þannig að tölur um þróun þessara mála eru ekki fyrirbyggjandi.



Mynd 7. Hlutfall lögreglumanna sem sögðust hafa orðið fyrir hótunum um ofbeldi í vinnu og utan vinnu.

Þegar spurt var um tíðni hótana kom í ljós að flestum hafði verið hótað sjaldnar en tíu sinnum í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum. Þessi tala er þó mun lægri þegar um er að ræða hótanir um ofbeldi utan vinnutíma en þar hafði flestum verið hótað þrisvar sinnum eða sjaldnar á síðustu fimm árum. Því er ljóst að nokkrum hluta lögreglumanna er hótað, bæði í og utan vinnu. Margar starfsstéttir hins opinbera verða fyrir hótunum í vinnu sinni en með rannsóknum á starfsstéttum (t.d. starfsmönnum í heilbrigðiskerfinu) hefur hingað til ekki



Mynd 8. Fjöldi hótana um ofbeldi í garð lögreglu í vinnu og utan vinnu.

verið litið til hótana um ofbeldi utan vinnu (Herdís Sveinsdóttir o.fl., 2003). Gera má ráð fyrir því að slíkt sé fátíðari meðal annarra starfsstétta, eins og heilbrigðisstétta.

Þegar líkur á hótunum í vinnu eru skoðaðar eftir kyni kemur fram að líklegra er að körlum sé hótað en konum. Hins vegar ber að taka það fram að hóparnir eru mjög ójafnir þar sem hlutfall kvenna í lögreglunni er lágt. Til að skoða hlutfall lögreglumanna sem hafði verið hótað eftir aldri voru svör þeirra sem eru 34 ára og yngri borin saman við svör þeirra sem eru 35 ára og eldri. Fram kom að þeim yngri hafði mun oftari verið hótað heldur en þeim sem eldri eru. Þegar hótanir eru skoðaðar út frá stöðu lögreglumanna kemur fram að yfirlögreglu- og aðstoðaryfirlögregluþjónum hefur mun sjaldnar verið hótað á síðastliðnum fimm árum en lögreglumönnum sem gegna öðrum stöðum. Ekki kom fram marktækur munur milli embætta þegar svör voru greind eftir stærð þeirra. Fram kemur munur á milli lögreglumanna sem starfað hafa í 20 ár eða lengur og þeirra sem starfað hafa í fimm til níu ár þegar hótanir gegn lögreglumönnum í vinnu eru skoðaðar eftir starfsaldri. Mun algengara var að síðarnefnda hópnum hafði verið hótað. Það er því helst karlar, yngri en 35 ára sem gegna stöðu lögreglumanns og starfað hafa í færri en tíu ár sem er hótað ofbeldi í vinnu. Þessar niðurstöður má túlka á þann veg að framlínustarfsmönnum lögreglu sé mun oftari hótað í vinnu sinni en þeim sem sjá um stjórnun, stefnumótun og rekstur.


Við greiningu á hótunum um ofbeldi utan vinnu á síðastliðnum fimm árum kom ekki fram munur á milli karla og kvenna. Líkt og varðandi hótanir við vinnu virðist sem yngri lögreglumönnum sé frekar hótað utan vinnu en eldri lögreglumönnum og að almennum lögreglumönnum¹ sé hótað oftar en lögreglumönnum í öðrum stöðum. Ekki reyndist vera annar munur á fjölda lögreglumanna sem sagðist hafa verið hótað eftir stöðu. Þegar stærð embætta var skoðuð kom fram munur milli lögreglumanna í stærstu embættunum og þeirra sem voru í minnstu embættunum. Lögreglumönnum í stærstu embættunum hafði oftar verið hótað utan vinnu en þeim sem voru í minnstu embættunum. Munur er á milli lögreglumanna sem starfað hafa í 15 ár eða lengur og þeirra sem starfað hafa í fimm til níu ár þar sem mun líklegur var að síðarnefnda hópnum hafi verið hótað. Þeim sem helst var hótað utan vinnu eru almennir lögreglumenn yngri en 35 ára, sem starfa hjá stærstu embættunum og hafa starfað í fimm til níu ár. Það er því ljóst að ekki eru allir lögreglumenn jafnlíklegir til að verða fyrir hótunum um ofbeldi í eða utan vinnu.

Reynsla lögreglumanna af ofbeldi án meiðsla á síðastliðnum fimm árum


Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að verða fyrir ofbeldi án þess að þeir hlytu meiðsli af, bæði í vinnu sinni og utan hennar. Fram kom að um 43 prósent lögreglumanna hafði orðið fyrir ofbeldi án þess að hljóta meiðsli af í vinnu sinni. Þá hafði sjö prósent orðið fyrir ofbeldi vegna starfs síns utan vinnutíma. Flestir þeir sem höfðu orðið fyrir ofbeldi utan vinnutíma höfðu einnig orðið fyrir ofbeldi á vinnutíma.

Flestir þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í vinnu sinni án meiðsla sögðu það hafa gerst tíu sinnum eða sjaldnar á síðastliðnum fimm árum. Þessi tala er þó mun lægri þegar ofbeldi án meiðsla er skoðað utan vinnutíma en þá höfðu flestir verið beittir ofbeldi án þess að hljóta meiðsli af einu sinni á síðustu fimm árum. Því er ljóst að stór hluti lögreglumanna verður fyrir ofbeldi án meiðsla, bæði í vinnu og utan vinnu.

1) Með orðinu almennur lögreglumaður er átt við mann eða konu sem gegnir starfi lögreglumanns þ.e. 8. stigi skv. reglugerð dómsmálaráðuneytisins nr. 49/2002 um starfsstig innan lögreglunnar.



Mynd 9. Hlutfall lögreglumanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi án meiðsla í vinnu og utan vinnu.



Mynd 10. Fjöldi tilvika um ofbeldi gegn lögreglumönnum án meiðsla í og utan vinnu.

Þegar líkur á ofbeldi án meiðsla í og utan vinnu eru skoðaðar eftir kyni kemur ekki fram munur. Hinsvegar höfðu þátttakendur 34 ára og yngri mun oftar orðið fyrir ofbeldi án meiðsla en þeir sem eru 35 ára og eldri. Yfirlögreglu- og aðstoðaryfirlögregluþjónar höfðu mun sjaldnar verið beittir ofbeldi án þess að hljóta meiðsla af en aðrir. Að sama skapi voru almennir lögreglumenn líklegastir til að hafa orðið fyrir ofbeldi án meiðsla við vinnu síðastliðin fimm ár. Líkur á því að verða fyrir ofbeldi án meiðsla í vinnu virðast því haldast í hendur við stöðu, þ.e. því hærri stöðu sem viðkomandi gegnir, því minni líkur á að verða fyrir ofbeldi í vinnu. Þegar ofbeldi gegn lögreglumönnum í vinnu er skoðað eftir starfsaldri lögreglumanna kemur fram munur

á lögreglumönnum sem starfað hafa í 20 ár eða lengur og þeim sem starfað hafa í minna en tíu ár. Mun líklegra var að síðarnefnda hópnum hafi verið sýnt ofbeldi án þess að þeir hlytu meiðsli af. Þeim sem höfðu starfað í fimm til níu ár voru líklegri til að hafa verið sýnt ofbeldi án meiðsla síðastliðin fimm ár heldur en þeim sem voru með 15 ára eða lengri starfsreynslu. Ekki kom fram munur á ofbeldi gegn lögreglu án meiðsla eftir stærð embættis.


Við greiningu á ofbeldi án meiðsla utan vinnu á síðastliðnum fimm árum kom fram að yngri lögreglumönnum er frekar sýnt ofbeldi utan vinnu en eldri lögreglumönnum. Hins vegar reyndist enginn munur vera eftir kyni, starfsaldri, stöðu eða stærð embættis.

Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla (t.d. litlir marblettir, skrámur) á síðastliðnum fimm árum²


Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að verða fyrir ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla, bæði í vinnu sinni og utan hennar. Ef þeim hafði verið sýnt ofbeldi var spurt hversu oft það hafi átt sér stað á síðustu fimm árum. Um 40 prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum sem leiddi til smávægilegra eymsla (sjá mynd 11). Þá höfðu þrjú prósent lögreglumanna orðið fyrir ofbeldi vegna starfs síns utan vinnutíma á sama tímabili. Flestir þeir sem höfðu orðið fyrir ofbeldi utan vinnutíma höfðu einnig orðið fyrir ofbeldi á vinnutíma.

Flestir þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla höfðu verið beittir ofbeldinu þrisvar sinnum eða sjaldnar í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum (sjá mynd 12). Þessi tala er þó mun lægri þegar ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla er skoðað utan vinnutíma en þá höfðu flestir verið beittir ofbeldi einu sinni til tvisvar sinnum á síðustu fimm árum.

2) Með smávægilegum eymslum er átt við litla marbletti og skrámur, skv. skilgreiningu í spurningalista rannsóknarinnar.



Mynd 11. Hlutfall lögreglumanna sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi í vinnu og utan vinnu sem leiddi til smávæðilegra eymsla.



Mynd 12. Fjöldi tilvika ofbeldis gegn lögreglu í og utan vinnu sem leiddi til smávæðilegra eymsla.


Þegar líkur á ofbeldi í vinnu og utan hennar sem leiddi til smávæðilegra eymsla eru skoðaðar eftir kyni kemur ekki fram munur milli karla og kvenna. Á hinn bóginn höfðu þeir sem eru 34 ára og yngri mun oftar orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til smávæðilegra eymsla en þeir sem eldri eru. Yfirlögreglu- og aðstoðaryfirlögregluþjónar, aðstoðarvarðstjórar, varðstjórar eða rannsóknarlögreglumenn og aðalvarðstjórar eða lögreglufulltrúar höfðu mun sjaldnar en aðrir lögreglumenn verið beittir ofbeldi sem leiddi til smávæðilegra eymsla

síðastliðin fimm ár. Líkur á því að hafa orðið fyrir ofbeldi í vinnu sem leiddi til smávægilegra eymsla fara því eftir nálægð við vettvang. Mun líklegra var að þeim sem starfað höfðu í fimm til níu ár hefði verið sýnt ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla en þeir sem höfðu starfað náll til fjögur ár og 15 ár eða lengur. Ein möguleg ástæða fyrir þessari niðurstöðu gæti verið að lögreglumenn með fimm til níu ára reynslu eru oft ábyrgir fyrir aðgerðum á vettvangi og fyrstir til að mæta erfiðum aðstæðum. Ekki kom fram munur eftir stærð embættis á ofbeldi gegn lögreglu sem leiddi til smávægilegra eymsla.


Við greiningu á ofbeldi utan vinnu sem leiddi til smávægilegra eymsla á síðastliðnum fimm árum kom ekki fram munur á bakgrunnsþáttum. Ástæða þess að ekki er hægt að greina mun er sú að of fáir lögreglumenn hafa verið beittir ofbeldi utan vinnu sem leiddi til smávægilegra eymsla miðað við forsendur tölfræðiprófa.

Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla (t.d. stórir marblettir) á síðastliðnum fimm árum

Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að verða fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla (t.d. stórir marblettir), bæði í vinnu sinni og utan hennar. Um 15 prósent lögreglumanna höfðu fengið slíka áverka vegna ofbeldis í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum.



Mynd 13. Hlutfall lögreglumanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í vinnu og utan vinnu sem leiddi til stórvægilegra eymsla.



Mynd 14. Fjöldi tilvika um ofbeldi gegn lögreglu í vinnu og utan vinnu sem leiddi til stórvægilegra eysla.


Þá höfðu tvö prósent lögreglumanna orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til áðurnefndra áverka vegna starfs síns utan vinnutíma á sama tímabili. Flestir þeir sem höfðu orðið fyrir ofbeldi utan vinnutíma höfðu einnig orðið fyrir ofbeldi á vinnutíma.

Flestir þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eysla höfðu verið beittir ofbeldi tvisvar sinnum eða sjaldnar í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum. Þessi tala er þó lægri þegar ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eysla er skoðað utan vinnutíma en þá höfðu flestir verið beittir ofbeldi einu til tvisvar sinnum á síðustu fimm árum.


Þeir sem höfðu starfað í 5-14 ár voru líklegri til að hafa orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eysla í vinnu en þeir sem höfðu starfað bæði lengur og skemur. Ekki kom fram annar munur á bakgrunnspáttum þegar ofbeldi í vinnu var skoðað. Þar sem hópur lögreglumanna sem hafði orðið fyrir ofbeldi utan vinnutíma sem leiddi til stórvægilegra eysla er fámennur er ekki unnt að greina tíðni eftir bakgrunnspáttum.

Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka (t.d. brot, höfuðáverkar) á síðastliðnum fimm árum


Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að vera beittir ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka (t.d. brot, höfuðáverkar), bæði í vinnu sinni og utan hennar. Um fjögur prósent lögreglumanna höfðu orðið fyrir ofbeldi í vinnu sinni sem leiddi til alvarlegra áverka á síðastliðnum fimm árum. Þá hafði eitt prósent lögreglumanna orðið fyrir ofbeldi vegna starfs síns utan vinnutíma á sama tímabili.



Mynd 15. Hlutfall lögreglumanna sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi í vinnu og utan vinnu sem leiddi til alvarlegra áverka.



Mynd 16. Fjöldi tilvika sem lögregla varð fyrir ofbeldi í vinnu og utan hennar sem leiddi til alvarlegra áverka.




Flestir þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka höfðu verið beittir ofbeldi einu sinni í vinnu sinni á síðastliðnum fimm árum. Það sama á við þegar ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka er skoðað utan vinnutíma en þá höfðu flestir verið beittir ofbeldi einu sinni á síðustu fimm árum.

Reynsla lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar (t.d. útlímamissir, örorka) á síðastliðnum fimm árum

Könnuð var reynsla lögreglumanna af því að vera beittir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar (t.d. útlímamissir, örorka), bæði í vinnu sinni og utan hennar. Fimm lögreglumenn höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar (t.d. útlímamissis og örorku). Þar af hafði einn lögreglumaður orðið fyrir svo alvarlegu ofbeldi tvisvar sinnum, aðrir einu sinni. Hins vegar hafði enginn orðið fyrir svo alvarlegu ofbeldi utan vinnu vegna starfs síns.

Greining á síðasta atviki þar sem lögreglumenn urðu fyrir ofbeldi í vinnu

Þátttakendur sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi síðastliðin fimm ár voru spurðir nánar um síðasta atvik sem þeir höfðu orðið fyrir. Alls sögðu 226 lögreglumenn að síðasta atvik sem þeir hefðu orðið fyrir hafi átt sér stað við vinnu. Í flestum tilvikum var um að ræða hótun um ofbeldi, ofbeldi án meiðsla eða ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla (sjá mynd 17).




Mynd 17. Alvarleiki ofbeldis sem lögreglumenn hafa orðið fyrir í vinnu.

Atvik þessi áttu sér stað á tímabilinu 2000-2005. Flest atvikanna áttu sér stað inni á lögreglustöð en þar á eftir var algengast að atvikið hafi átt sér stað utandyra og ekki staðsett nánar (sjá töflu 2). Nokkrir þátttakendur gáfu upp fleiri en eina staðsetningu og voru með því að vísa til fleiri en eins atviks á síðustu fimm árum.

Tafla 2. Staðsetning þar sem ofbeldi gegn lögreglumanni átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Lögreglustöð	66
Utandyra - óstaðsett	46
Á eða við veitingastað / skemmtistað	33
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	29
Heimili / hús	24
Lögreglubifreið	8
Flugvél / flugstöð	3
Annað (óflokkað)	7
Fjöldi atvika alls	216

Í nokkrum tilvikum mundu lögreglumenn ekki á hvaða degi atvikið hafði átt sér stað en algengustu dagarnir voru föstudagar (19%) og laugardagar (50%). Þá voru mánudagar (2%) og miðvikudagar (6%) þeir dagar sem lögreglumenn urðu sjaldnast fyrir ofbeldi. Mikill meirihluti (55%) atvika átti sér stað að nóttu til (milli kl. 00.01 og 08.00). Þetta er í samræmi við fyrri samantekt á skráðu ofbeldi gegn lögreglumönnum (Theodór Kristjánsson, 2003). Um 40 prósent lögreglumanna sem orðið höfðu fyrir ofbeldi töldu að síðasta ofbeldisatvik sem beindist gegn þeim væri alvarlegt eða mjög alvarlegt. Hins vegar töldu 35 prósent að ofbeldið hefði verið lítið eða ekki alvarlegt. Eins og sést á mynd 18 töldu lögreglumenn, sem höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla og alvarlegra áverka, atvikið vera alvarlega en þeim sem hafði verið hótað ofbeldi ($p < 0,05$). Annar munur var ekki á mati þeirra á alvarleika atvika.



Mynd 18. Hversu alvarlegt finnst þér síðasta afbrotið gegn þér vera?

Í yfir helmingi tilvika átti ofbeldið sér stað við handtöku en einnig var algengt að ofbeldið kæmi fram við afskipti af störfum lögreglu, við rannsókn máls eða þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt. Í fæstum tilvikum var um fyrirvaralaus árás að ræða. Aðeins í 14 prósentum tilvika leituðu lögreglumenn sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir ofbeldinu. Algengara var að lögreglumenn leituðu sér aðstoðar hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi en eftir stuðningi hjá maka, starfsfélaga eða vini. Rúmlega fimm prósent þeirra sem fyrir árásinni urðu voru frá vinnu í einhvern tíma eftir síðasta atvik. Um átta prósent

töldu að síðasta atvik hefði haft mikil eða mjög mikil áhrif á líf sitt. Þeir sem töldu að atvikið hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif á líf sitt voru 82 prósent. Um helmingi þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi síðastliðin fimm ár var kunnugt um stöðu síðasta atviks. Í töflu 3 kemur fram að í flestum tilfellum var málið ekki kært eða það lagt upp.

Tafla 3. Staða síðasta atviks þar sem ofbeldi var beitt gegn lögreglu.

Staða	Fjöldi mála
Ekki kært	33
Var lagt upp	30
Hjá deild	8
Sátt / sekt var tekið	7
Rannsókn var hætt (76. gr.)	6
Í ákærumeðferð	4
Dómur	3
Var greitt	2
Í geymslu	1
Í skýrslugerð	1
Fjöldi mála alls	95

Þátttakendur voru spurðir hversu sáttir eða ósáttir þeir væru við það hvernig tekið var á síðasta atviki, sem beindist gegn þeim, innan lögreglunnar. Af þeim sem svöruðu voru tæplega 33 prósent sátt eða mjög sátt með það hvernig málið var meðhöndlað innan lögreglunnar en um 35 prósent voru ósátt eða mjög ósátt með málarekstur innan lögreglunnar. Fram kemur að starfsfélagar og makar eru þeir sem veita lögreglumönnum hvað mesta hvatningu til að tilkynna síðasta atvik. Hins vegar finnst þátttakendum könnunarinnar þeir hljóta minnsta hvatningu að tilkynna obeldi gegn sér frá yfirstjórn embættisins og Landssambandi lögreglumanna (sjá töflu 6). Það vekur athygli hve stór hluti lögreglumanna upplifir sig einangraða þegar kemur að hvatningu til að tilkynna ofbeldi. Ein möguleg ástæða fyrir þessari niðurstöðu er að lögreglumenn leiti ekki eftir stuðningi og hvatningu. Því ber að varast að túlka niðurstöður á þann hátt að lögreglumenn hafi leitað til þeirra aðila sem taldir eru upp í töflu 4 og hafi þeir ekki fundið fyrir hvatningu. Í samræmi við fyrri ályktanir innan lögreglunnar má ætla að skýra þurfi ferli meðferðar á málum um ofbeldi

gegn lögreglumönnum til að lögreglumenn leiti frekar eftir stuðningi og hvatningu (Theodór Kristjánsson, 2003).

Tafla 4. Hvaðan lögreglumenn fundu fyrir hvatningu til að tilkynna ofbeldið.

	Litla hvatningu		Hvorki né		Mikla hvatningu
1. Frá yfirstjórn embættisins	57%	4%	30%	1%	8%
2. Frá næsta yfirmanni	41%	5%	31%	8%	15%
3. Frá starfsfélögum	19%	5%	30%	16%	30%
4. Frá Landssambandinu	52%	0%	42%	3%	3%
5. Frá maka	26%	1%	38%	14%	21%
6. Frá eigin fjölskyldu	30%	1%	45%	11%	13%
7. Frá vinum	27%	3%	50%	5%	15%

Hótun um ofbeldi í vinnu

Hjá 144 þátttakendum, sem sögðu að sér hefði verið hótad ofbeldi í vinnu, kom fram að síðasta atvik hafi átt sér stað í 84 prósentum tilvika árin 2004 og 2005. Í flestum tilvikum átti hótunin sér stað á lögreglustöð eða að hún var óstaðsett utandyra (sjá töflu 5). Algengast var að lögreglumönnum hafi verið hótad við handtöku, eða í 54 prósentum tilvika. Aðrar algengar aðstæður voru við rannsókn máls, við afskipti af störfum lögreglu og þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt.

Tafla 5. Staðsetning þar sem hótun um ofbeldi gegn lögreglumanni átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Lögreglustöð	49
Utandyra - óstaðsett	27
Á eða við veitingastað / skemmtistað	17
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	17
Heimili / hús	13
Lögreglubifreið	7
Flugvél / flugstöð	2
Annað (óflokkad)	2
Fjöldi atvika alls	134

Af þeim sem mundu á hvaða vikudegi þeim hafði verið hóttað sögðu flestir að það hefði verið á laugardegi en næstflestir á föstudegi. Þeim var hóttað mun sjaldnar á öðrum dögum. Þá sögðu flestir að atvikið hafi átt sér stað að nóttu til. Um 37 prósent þeirra lögreglumanna sem hafði verið hóttað töldu hótunina vera alvarlega eða mjög alvarlega en rúm 38 prósent töldu hótunina vera lítið eða ekki alvarlega. Aðeins átta prósent þeirra sem hafði verið hóttað leituðu sér aðstoðar í kjölfar hótunarinnar. Oftast leituðu þeir til læknis eða hjúkrunarfræðings en einnig til starfsfélaga eða vinar. Athygli vekur að í fimm tilvikum voru lögreglumenn frá vinnu í nokkra daga (2-10) eftir að hafa verið hóttað ofbeldi og tíu lögreglumenn töldu að þessi alvarlega hótun um ofbeldi hefði haft mjög mikil áhrif á líf sitt. Flestir (82%) töldu að hótunin hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif á líf sitt. Algengast var að hótunin hafi aldrei verið skráð eða tilkynnt og ef hún var tilkynnt var algengast að málið væri lagt upp. Hins vegar leiddi hótunin til dóms í tveimur tilfellum og nokkur mál voru í rannsókn eða ákærumeðferð. Aðspurðir um hversu sáttir eða ósáttir lögreglumennirnir væru með það hvernig tekið hafi verið á málinu innan lögreglunnar, var rúmt 31 prósent sátt eða mjög sátt en álíka margir voru ósáttir eða mjög ósáttir.

Ofbeldi án meiðsla í vinnu

Af þeim 44 þátttakendum sem sögðu að þeim hefði verið sýnt ofbeldi í vinnu án þess að það leiddi til meiðsla átti ofbeldið sér stað í yfir 90 prósentum tilvika árin 2004 og 2005. Í flestum tilvikum átti ofbeldið sér stað á lögreglustöð, utandyra (óstaðsett) eða á/við veitingastað eða skemmtistað (sjá töflu 6). Algengast var að lögreglumönnum hafði verið sýnt ofbeldi án meiðsla við handtöku, eða í 47 prósentum tilvika. Aðrar algengar aðstæður voru þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt og við rannsókn máls.

Tafla 6. Staðsetning þar sem ofbeldi án meiðsla gegn lögreglumanni átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Lögreglustöð	12
Utandyra - óstaðsett	12
Á eða við veitingastað / skemmtistað	11
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	4
Heimili / hús	4
Flugvél / flugstöð	1
Fjöldi atvika alls	44

Af þeim sem mundu á hvaða vikudegi þeim hafði verið sýnt ofbeldi án meiðsla sögðu flestir að það hefði verið á laugardegi en mun sjaldnar var að þeim hafi verið hótað á öðrum dögum. Þá sögðu flestir að atvikið hafi átt sér stað á milli klukkan 00.01 og 08.00. Um 41 prósent þeirra lögreglumanna, sem hafði verið sýnt ofbeldi án meiðsla, taldi atvikið vera alvarlegt eða mjög alvarlegt en rúm 32 prósent töldu atvikið vera lítið eða ekki alvarlegt. Um 18 prósent lögreglumanna leituðu sér aðstoðar í kjölfar atviksins. Oftast leituðu þeir til læknis eða hjúkrunarfræðings en einnig til starfsfélaga, vinar eða maka. Í sjö prósentum tilvika voru lögreglumenn frá vinnu í nokkra daga (2–21) eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi sem ekki leiddi til meiðsla. Tveir lögreglumenn töldu að þetta ofbeldi hefði haft mjög mikil áhrif á líf sitt en flestir (80%) að ofbeldið hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif á líf sitt. Algengast var að ofbeldið hafi aldrei verið skráð eða tilkynnt og ef það var tilkynnt var algengast að málið hafi verið lagt upp. Nokkur mál voru í rannsókn eða ákærumeðferð þegar könnunin var framkvæmd. Lögreglumennirnir voru spurðir um hversu sáttir eða ósáttir þeir væru með það hvernig tekið var á málinu innan lögreglunnar. Sögðust rúm 32 prósent þeirra vera sátt eða mjög sátt en jafnmargir voru ósáttir eða mjög ósáttir.

Ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla í vinnu

Af þeim 30 þátttakendum sem sögðu að þeir hefðu verið beittir ofbeldi í vinnu sem leiddi til smávægilegra eymsla átt atvikið sér stað í nærri 90 prósentum tilvika árin 2004 og 2005. Í flestum tilvikum átti ofbeldið sér stað í miðbæjarkjarna viðkomandi þéttbýlis eða utandyra og þar með óstaðsett (sjá töflu 7). Algengast var að lögreglumenn

hefðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla við handtöku, eða í 56 prósentum tilvika. Aðrar algengar aðstæður voru við afskipti af störfum lögreglu (19%) og þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt (11%).

Tafla 7. Staðsetning þar sem ofbeldi gegn lögreglumanni sem leiddi til smávægilegra eymsla átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	7
Utandyra - óstaðsett	6
Heimili / hús	4
Lögreglustöð	3
Á eða við veitingastað / skemmtistað	3
Annað (óflokkað)	3
Fjöldi atvika alls	26

Af þeim sem mundu á hvaða vikudegi þeir höfðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla sögðu flestir að það hefði verið á laugardegi, því næst á föstudegi en mun sjaldnar á öðrum dögum. Þá sögðu flestir (62%) að atvikið hafi átt sér stað að nóttu til. Um 33 prósent þeirra lögreglumanna sem höfðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla töldu atvikið vera alvarlegt eða mjög alvarlegt en jafnstór hópur taldi atvikið vera lítið eða ekki alvarlegt. Rúm 23 prósent þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi leituðu sér aðstoðar í kjölfar atviksins. Flestir leituðu til læknis eða hjúkrunarfræðings en einnig til maka, starfsfélaga eða vinar. Aðeins tveir af 30 lögreglumönnum sögðust hafa verið frá vinnu vegna eymsla í kjölfar ofbeldisins. Þrír lögreglumenn töldu að þetta ofbeldi hefði haft mjög mikil eða mikil áhrif á líf sitt. Hins vegar töldu flestir (80%) að ofbeldið hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif á líf sitt. Algengast var að ofbeldið hafi aldrei verið skráð eða tilkynnt og ef það var tilkynnt var málið oftast lagt upp. Rúm 42 prósent lögreglumanna voru sátt eða mjög sátt og rúm 23 prósent ósátt eða mjög ósátt þegar þau voru spurð um það hvernig tekið var á málinu innan lögreglunnar.

Ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla í vinnu

Af þeim átta þátttakendum sem sögðu að þeir hefðu verið beittir ofbeldi í vinnu sem leiddi til stórvægilegra eymsla átti helmingur tilvika sér stað árið 2005. Í flestum tilvikum átti ofbeldið sér stað á heimili eða í húsi, á eða við veitingastað/skemmtistað (sjá töflu 8). Algengast var að lögreglumenn hefðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla við handtöku, eða í helmingi tilvika. Aðrar aðstæður voru við afskipti af störfum lögreglu, fyrirvaralaus árás og þegar fyrirmælum lögreglu var ekki hlýtt.

Tafla 8. Staðsetning ofbeldis gegn lögreglumanni sem leiddi til stórvægilegra eymsla.


Staður	Fjöldi atvika
Heimili / hús	3
Á eða við veitingastað / skemmtistað	2
Utandyra - óstaðsett þéttbýli	1
Lögreglustöð	1
Annað (óflokkað)	1
Fjöldi atvika alls	8

Aðeins þrjú þátttakendur mundu á hvaða vikudegi þeir höfðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla. Tveir sögðu það hafa verið á laugardegi og einn á fimmtudegi. Þá sögðu flestir (75%) að atvikið hafi átt sér stað á milli klukkan 00.01 og 08.00. Um 88 prósent þeirra lögreglumanna sem höfðu verið beittir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla töldu atvikið vera alvarlegt eða mjög alvarlegt. Fimm af átta sem höfðu orðið fyrir ofbeldi leituðu sér aðstoðar í kjölfar atviksins. Allir leituðu þeir eingöngu til læknis eða hjúkrunarfræðings. Tveir af átta lögreglumönnum sögðust hafa verið frá vinnu vegna eymsla í kjölfar ofbeldisins í einn dag. Sjö af átta lögreglumönnum töldu að þetta ofbeldi hefði haft mjög lítil eða lítil áhrif á líf sitt. Tveir af þeim sem vissu stöðu málsins í dag sögðu að mál þeirra væri hjá deild, tveir sögðu að málið hefði verið lagt upp og einn að dómur hefði fallið. Spurðir um það hversu sáttir eða ósáttir þeir væru með það hvernig tekið var á málinu innan lögreglunnar, svöruðu fjórir lögreglumenn því til að þeir væru sáttir eða mjög sáttir og þrjú voru mjög ósáttir.

Of fáir lögreglumenn svöruðu spurningum um reynslu sína af því að verða fyrir ofbeldi sem leiddi til alvarlegra áverka eða líkamlegrar fötlunar í vinnu, til að hægt sé að framkvæma merkingarbæra greiningu.

Greining á einstaka atvikum þar sem lögreglumenn hafa orðið fyrir ofbeldi utan vinnu

Þátttakendur sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi utan vinnu síðastliðin fimm ár voru spurðir nánar um síðasta atvik sem þeir höfðu orðið fyrir ofbeldi. Hlutfallslega höfðu mjög fáir lögreglumenn orðið fyrir ofbeldi utan vinnu vegna starfa sinna en alls sögðu 12 lögreglumenn að síðasta atvik ofbeldis sem þeir hefðu orðið fyrir hafi átt sér stað utan vinnu. Í flestum tilvikum var um að ræða hótun um ofbeldi en annað ofbeldi kom einnig við sögu (sjá mynd 19).



Mynd 19. Alvarleiki ofbeldis sem lögreglumenn hafa orðið fyrir utan vinnu.

Atvik þessi áttu sér stað á tímabilinu 2001-2005. Flest atvikanna áttu sér stað á heimili, í húsi eða í miðbæjarkjarna (sjá töflu 9).

Tafla 9. Staðsetning þar sem ofbeldi gegn lögreglumanni utan vinnu átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Heimili / hús	3
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	3
Utandyra - óstaðsett	2
Á eða við veitingastað / skemmtistað	1
Samkoma	1
Flug	1
Í síma	1
Fjöldi atvika alls	12

Í hluta tilvika vissu lögreglumenn ekki á hvaða degi atvikið hefði átt sér stað en átta atvik áttu sér stað á laugardegi, eitt á föstudegi og eitt á miðvikudegi. Flest atvikanna eða fimm áttu sér stað að nóttu (00.01 til 08.00), þrjú að kvöldi (16.01 til 00.00) og tvö að degi (08.01 til 16.00).

Helmingur þeirra lögreglumanna sem orðið höfðu fyrir ofbeldi utan vinnu taldi að síðasta ofbeldi sem beindist gegn þeim hafi verið alvarlegt eða mjög alvarlegt. Hins vegar töldu tveir lögreglumenn að ofbeldið hefði verið lítið eða ekki alvarlegt. Aðeins tveir af tólf lögreglumönnum sem urðu fyrir ofbeldi leituðu sér aðstoðar eftir að hafa orðið fyrir ofbeldinu; einn hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi og annar hjá yfirmanni sínum. Fjórir af þeim tólf sem höfðu orðið fyrir ofbeldi töldu að það atvik hefði haft mikil eða mjög mikil áhrif á líf sitt en sjö töldu að atvikið hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif á líf sitt. Átta af þeim tólf sem höfðu orðið fyrir ofbeldi síðastliðin fimm ár var kunnugt um stöðu síðasta atviks. Í flestum tilfellum var málið ekki kært (fimm tilfelli). Hins vegar féll dómur í einu tilviki, ákærufrestun í öðru og sekt/sátt tekið í því þriðja.

Þátttakendur voru spurðir hversu sáttir eða ósáttir þeir væru við hvernig tekið hefði verið á síðasta atviki sem þeir urðu fyrir innan lögreglunnar utan vinnu. Átta af þeim tólf sem sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi svöruðu spurningunni og voru fjórir sáttir eða mjög sáttir með það hvernig tekið var á málinu en aðeins einn var ósáttur.

Hótun um ofbeldi utan vinnu

Af þeim níu þátttakendum sem sögðu að sér hefði verið hótað ofbeldi utan vinnu bentu svör til þess að það hafi átt sér stað jafnt yfir síðastliðin fimm ár. Nokkrar staðsetningar voru nefndar þar sem hótunin hafi átt sér stað, meðal annars á heimili og í miðbæjarkjarna (sjá töflu 10).

Tafla 10. Staðsetning þar sem hótun um ofbeldi gegn lögreglumanni átti sér stað.

Staður	Fjöldi atvika
Heimili / hús	2
Miðbæjarkjarni þéttbýlis	2
Utandyra - óstaðsett	2
Á eða við veitingastað / skemmtistað	1
Samkoma	1
Í síma	1
Fjöldi atvika alls	9

Af þeim sem mundu á hvaða vikudegi þeim hafði verið hótað sögðu sjö þátttakendur að það hefði verið á laugardegi en einn á föstudegi. Þá sögðu fjórir að atvikið hafi átt sér stað að nóttu (00.01 til 08.00), þrír að kvöldi (16.01 til 00.00) og einn að degi (08.01 til 16.00). Fjórir þeirra lögreglumanna sem höfðu verið hótað töldu hótunina vera alvarlega eða mjög alvarlega en tveir töldu hótunina vera lítið eða ekki alvarlega. Enginn þeirra sem hafði verið hótað leitaði sér aðstoðar í kjölfar hótunarinnar. Þrír lögreglumenn töldu að þessi alvarlega hótun um ofbeldi hefði haft mikil eða mjög mikil áhrif á líf sitt en sex lögreglumenn að hótunin hefði haft lítil eða mjög lítil áhrif. Algengast var að hótunin hafi aldrei verið skráð eða tilkynnt. Hins vegar var sakborningi veitt ákærufrestun í einu tilviki og sátt eða sekt var tekið í öðru tilviki. Flestir voru sáttir eða mjög sáttir með hvernig tekið var á málinu innan lögreglunnar og enginn ósáttur.

Of fáir lögreglumenn svöruðu spurningum um reynslu sína af öðru ofbeldi en því að vera hótað utan vinnutíma vegna starfa sinna til að hægt sé að framkvæma merkingarbæra greiningu.

Hótanir í garð fjölskyldu lögreglumanna vegna starfa þeirra

Þátttakendur voru spurðir hvort einhverjum úr fjölskyldu þeirra hefði verið hótað vegna starfa þeirra, á þann máta að þeir hafi metið hótunina alvarlega. Um 15 prósent (54) lögreglumanna svöruðu þessari spurningu játandi. Oftast var um eitt eða tvö atvik að ræða en hjá nokkrum þátttakendum hafði þetta komið fyrir oft. Allir 54 þátttakendurnir greindu frá því að barni þeirra hafi verið hótað auk fleiri fjölskyldumeðlima. Næst oftast hafði maka eða sambýlingi verið hótað, eða í 35 tilvikum, en öðrum fjölskyldumeðlimum hafði verið hótað sjaldnar. Í rúmlega 20 prósentum tilvika var hótunin kærð eða tilkynnt til lögreglu.

Niðurstöður þessar benda til þess að hjá hluta lögreglumanna verða börn og makar fyrir alvarlegu áreiti vegna starfa lögreglunnar. Þetta ber að líta alvarlegum augum í ljósi þeirra afleiðinga sem hótanir geta haft á börn sérstaklega og á fjölskyldu- og einkalíf almennt.

Þekking á umburðarbréfi og samantekt á brotum gegn valdstjórninni

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér umburðarbréf dagsett 10. janúar 2003 sem kom í kjölfar samantektar embættis ríkis-lögreglustjóra um ofbeldi gegn lögreglumönnum og varð til þess að tveir nýir brotaflokkar voru stofnaðir í málaskrá lögreglu. Brotaflokkarnir nefnast „Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996)“ og „Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu (21. gr. lögreglulaga nr. 90/1996)“. Alls höfðu um 47 prósent þátttakenda kynnt sér efni umburðarbréfsins og samantektina, fimm prósent höfðu eingöngu kynnt sér samantektina og ellefu prósent höfðu eingöngu kynnt sér efni umburðarbréfsins. Samtals höfðu því 63 prósent þátttakenda kynnt sér þessi málefni enda er það í samræmi við aukningu í skráningu brota gegn valdstjórninni árið 2003 (sjá töflu v1). Eftir að brotaflokkunum tveimur var bætt við í málaskrá árið 2003 nær tvöfaldaðist skráður fjöldi brota gegn valdstjórninni frá árunum á undan.

Rúmlega þriðjungur þeirra þátttakenda sem ekki höfðu kynnt sér efni umburðarbréfsins eða samantektina kvaðst ekki hafa vitað um tilvist þessara gagna. Aðrir sögðust einfaldlega ekki hafa kynnt sér þetta.

Tillögur þátttakenda um aðgerðir

Þátttakendur rannsóknarinnar voru spurðir hvað þeir teldu að lögreglan geti sjálf gert til að draga úr líkum á ofbeldi gegn lögreglumönnum. Flestir svarenda (58) sögðu að aukin fagmennska á vettvangi gæti dregið úr líkum á ofbeldi gegn lögreglumönnum. Þessu til útskýringar voru nefnd atriði eins og dómgreind, þolinmæði, sanngirni, góðvild, ákveðni og kurteisi. Þá töldu nokkrir af þessum 58 svarendum að sum tilvik ofbeldis gegn lögreglumönnum mætti að hluta til eða öllu leyti rekja til hegðunar lögreglumannanna.

Önnur atriði sem algengt var að svarendur nefndu eru betri eftirfylgni kærumála sem leiðir svo til niðurstöðu (24), fjölmennt og öflugt lögreglulið sem býr yfir betri búnaði (20), betri starfsþjálfun í námi og á starfsferli (20), upplýsa almenning um eðli starfsins (ímynd) og viðurlög við ofbeldi gegn lögreglumönnum eða því að hindra lögreglumenn við störf (19), taka á málum þar sem upp kemur ofbeldi gegn lögreglumönnum og beita hörðum viðurlögum (19) og með því að fylgja málum eftir án þess að lögreglumaður þurfi að leggja fram kæru sjálfur (lögreglustjóri rannsaki meint brot gegn valdi sínu) (16). Athyglisvert var að aðeins tveir nefndu að ýtarleg þekking á heimildum lögreglu og að huga að eigin öryggi ofar öðru gæti komið í veg fyrir ofbeldi gegn lögreglu. Önnur atriði sem komu fram eru aukið forvarnastarf í skólum, vanda betur til vals á nýjum nemendum og taka hart á lögreglumönnum sem beita sjálfir ofbeldi og setja þannig fordæmi.

Umræða um könnun meðal lögreglumanna

Þegar meta á ofbeldi gegn lögreglumönnum er um mjög vandasamar mælingar að ræða, líkt og þegar ofbeldishegðun er metin almennt. Án þess að hafa beinan aðgang að atvikum er erfitt að meta þau út frá sömu forsendum. Þar sem aðeins hluti afbrota er tilkynntur til lögreglu er mikilvægt að meta tíðni ofbeldis gegn lögreglumönnum með spurningalistum þar sem allir lögreglumenn eru spurðir sömu spurninga. Vandamál við skilgreiningar á ofbeldi snúa að því að ásetningur til að skaða getur verið til staðar án þess að nokkrar afleiðingar hljótist af. Þessu er auðvitað hægt að snúa við þannig að alvarlegar afleiðingar hljótist af án þess að ásetningur hafi verið til staðar. Með því að spyrja um ásetning geranda er verið að biðja þátttakendur um að lesa hugsanir og er það því óæskilegur spurningamáti. Ef þátttakendur eru beðnir að lýsa atvikinu er hætta á að sumt komi fram en annað ekki og stefnir það áreiðanleika mælinga í hættu. Án þess að það sé með öllu gallalaus leið var því brugðið á það ráð að meta afleiðingar ofbeldis til þess að ná utan um styrk atferlisins, þ.e. út frá afleiðingum.


Þegar niðurstöður á mælingum á ofbeldi gegn lögreglumönnum eru skoðaðar kemur fram að algengt er að lögreglumenn verði bæði fyrir hótunum og líkamlegu ofbeldi í starfi sínu. Einnig kemur fram að ofbeldið á sér stað á ólíkum vettvangi og við fjölbreytt störf lögreglunnar. Þegar rýnt er í reynslu lögreglumanna af hótunum í sinn garð kemur fram að mjög stór hluti þeirra hefur upplifað hótun vegna starfs síns á síðastliðnum fimm árum. Þessar niðurstöður styðja því vísbendingar sem fram hafa komið í fyrri rannsókn (Félagsvísindastofnun, 2004). Hins vegar greinir fjórðungur lögreglumanna frá því að þeim hafi verið hótáð vegna starfa sinna utan vinnutíma. Þetta verður að teljast hátt hlutfall, sérstaklega þar sem lögreglumenn klæðast búsingum og bera númer við störf til að gera það eins erfitt og hægt er að greina þá eftir persónu þeirra. Þeim lögreglumönnum sem hafði verið hótáð utan vinnu hafði verið hótáð hlutfallslega sjaldnar en þeim sem hótáð var í vinnu. Því var bæði færri lögreglumönnum hótáð utan vinnu og þeim sjaldnar hótáð.

Þegar reynsla lögreglumanna af hótunum um ofbeldi í vinnu er skoðuð kemur fram að þeim sem helst er hótað eru karlar, yngri en 35 ára sem gegna stöðu almenns lögreglumanns, vinna hjá minni lögregluembættum og þeir sem starfað hafa í færri en tíu ár. Þessar niðurstöður má túlka á þann veg að framlínustarfsmönnum lögreglu sé mun oftast hótað í vinnu sinni en þeim sem sjá um stjórnun, stefnumótun og rekstur. Þegar bakgrunnspættir þeirra, sem var hótað utan vinnu, eru skoðaðir kemur fram að þeim sem helst er hótað eru yngri en 35 ára, almennir lögreglumenn, starfa hjá stærstu embættunum og hafa starfað í fimm til níu ár. Það er því ljóst að ekki eru allir lögreglumenn jafnlíklegir til að verða fyrir hótunum um ofbeldi í vinnu eða utan vinnu. Þegar rýnt er í svör þeirra sem sögðu að síðasta atvik sem þeir hefðu orðið fyrir hafi verið hótun í vinnu var athyglisvert að flest atvikin áttu sér stað á lögreglustöð.

Þegar reynsla lögreglumanna af ofbeldi án meiðsla og ofbeldi sem leiddi til smávægilegra eymsla er skoðuð kemur fram að tveir af hverjum fimm lögreglumönnum sögðust hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Ef litið er til ofbeldis án meiðsla var líklegra að yngri og reynsluminni lögreglumönnum sem starfa við almenn löggæslustörf hafi verið sýnt ofbeldi síðastliðin fimm ár. Má því segja að því hærrí stöðu sem lögreglumenn gegni, því minni líkur séu á ofbeldi. Hvað ofbeldi án meiðsla utan vinnu varðar var aðeins einn bakgrunnspáttur tengdur auknum líkum á ofbeldi, þ.e. aldur. Þeim mun yngri sem lögreglumenn eru, því meiri líkur eru á að hafa orðið fyrir ofbeldi án meiðsla síðastliðin fimm ár. Þegar um smávægileg eymsli er að ræða eru niðurstöðurnar úr bakgrunnsútreikningum sambærilegar þeim tilvikum þar sem engin meiðsli hlutust af.

Nokkur hluti lögreglumanna sagðist hafa orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla á síðastliðnum fimm árum en lögreglumenn sem starfað hafa í 5-14 ár voru líklegastir til að verða fyrir ofbeldinu. Ein möguleg ástæða fyrir þessari niðurstöðu gæti verið að lögreglumenn með þessa reynslu eru oft ábyrgir fyrir aðgerðum á vettvangi og eru oft fyrstir til að mæta erfiðum aðstæðum. Athygli vekur að nokkrir lögreglumenn sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til stórvægilegra eymsla utan vinnu sinnar vegna starfs síns.

Hvað reynslu lögreglumanna af ofbeldi sem leiddi til alvarlegri afleiðinga, þ.e. brota, höfuðáverka eða örorðu, varðar þá voru um



fimm af hverjum hundrað lögreglumönnum sem höfðu orðið fyrir svo alvarlegu ofbeldi.

Fyrir liggur að flest ofbeldisbrot eiga sér stað á næturnar um helgar og við þær aðstæður starfar takmarkaður fjöldi lögreglumanna miðað við starfsstéttina í heild. Hins vegar ber að geta þess að oft og tíðum eru það aðrir þættir en ásetningur til að valda skaða sem skipta mestu um hver meiðslin verða, t.d. getur ásetningur árásmanns verið algjör en lögreglumaður sloppið vel vegna réttra varnarviðbragða lögreglumanns eða árásaðili hittir ekki með hnefa, sparki eða vopni.





Rannsókn á skráðum brotum



Aðferð

Framkvæmd

Í þessari rannsókn eru skoðaðar allar lögregluskýrslur frá árunum 1998-2005 þar sem grunur er um ofbeldi gegn lögreglumönnum. Sami rannsakandi las allar skýrslurnar á tímabilinu yfir til þess að samræmi í skráningu væri sem mest og þar af leiðandi er dregið verulega úr tilviljunarkenndri skekkju. Miklu skiptir að lögregluskýrslurnar voru mis ýtarlegar sem hafði áhrif á það magn upplýsinga sem hægt var að skrá. Þar af leiðandi endurspeglar töflur og myndir eingöngu það sem skráð var og gæti því verið um lítilsháttar vanmat að ræða. Í nokkrum tilvikum var frásögn sakbornings ekki tiltæk heldur einhliða frásögn lögreglumanna.

Gengið var út frá skilgreiningu sjöunda kafla almennra hegningarlaga um brot gegn valdstjórninni (106. gr. hegningarlaga nr. 19/1940) en hún er svohljóðandi: „Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta ... fangelsi allt að 6 árum“.

Skoðaðir eru þættir sem taldir eru geta varpað betra ljósi á þessi mál svo sem tímasetning, staðsetning, fjöldi árásarmanna, meiðsli lögreglumanna, valdbeiting lögreglumanna og vopnanotkun árásarmanna (sjá breytur í viðauka). Í sumum tilvikum vantaði upplýsingar um geranda (t.d. hann óþekktur) eða ekki var nægilega vel skráð í skýrslu hvaða valdbeitingu lögreglumenn beittu. Því geta fjöldatölur í töflum verið mismunandi.

Í tólf málum var um tvískráningu að ræða, en þá er átt við að sama mál var með tvö ólík málsnúmer og var það leiðrétt og talið sem eitt mál. Í ljós kom að í 54 málum voru litlar upplýsingar í skýrslu eða mál skráð í málaskrá án þess að skrifuð væri á það skýrsla. Þá var 21 mál skráð sem ofbeldi gegn lögreglu sem reyndist við nánari skoðun ekki falla í þann flokk. Í ellefu málum kærðu lögreglumenn einstaklinga fyrir ofbeldi gegn sér sem þeir urðu fyrir þegar þeir voru ekki við störf en ákveðið var að taka þau mál ekki fyrir í rannsókninni af því málin

voru ekki fleiri. Á heildina litið eru það því 13 prósent skráðra mála þar sem um var að ræða tvítalningu á sama máli, að lögreglumaður var ekki við störf þegar hann varð fyrir ofbeldinu, að skráning hafi verið röng eða að upplýsingar í skýrslu voru ónægar. Þessi mál verða ekki talin með í eftirfarandi umfjöllun. Þetta er vert að hafa í huga þegar fjöldi mála er skoðaður og því getur verið um færri mál að ræða en birt eru í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra. Það ætti ekki að hafa áhrif á heildarniðurstöður. Í töflu 11 má sjá fjölda mála í gagnasafninu og heildarfjölda skráðra mála. Þegar búið var að taka frá þau mál sem ekki þótti rétt að hafa með var um að ræða 685 mál á tímabilinu 1998-2005.

Tafla 11. Fjöldi brota í gagnasafni og málaskrá lögreglu.


Ár	Fjöldi í gagnasafni	Fjöldi í málaskrá lögreglu ³
1998	98	111
1999	114	127
2000	101	102
2001	74	80
2002	71	68
2003	80	88
2004	74	80
2005	73	68
Samtals	685	724

Breyturnar voru búnar til út frá skilgreiningum fyrri rannsókna, einni íslenskri rannsókn á ofbeldi gegn lögreglumönnum (Theódór Kristjánsson, 2002) og breskri rannsókn, *Assaults on Police Officers: An examination of the circumstances in which such incident occur* (Brown, 1994). Í heild var 21 undirflokkur skipt í níu aðalflokka (sjá töflu 12) sem voru byggðir upp líkt og Brown gerir í skýrslu sinni. Þó eru nokkur frávik vegna staðfæringar, t.d. urðu lögreglumenn aldrei fyrir ofbeldi við „fangaflutning til dómstóla“ og þar af leiðandi var sá flokkur tekinn út.

3) Ríkislögreglustjórinn (2006, 2003).

Tafla 12. Nánari skýring á upphafs- og ofbeldisflokkum.

Óspektir á almannaþæri	<p>Ósæmandi hegðun svo lögreglan verður að hafa afskipti: Þessi atvik fela að stórum hluta í sér drukkna einstaklinga sem hegða sér ósæmilega á almannaþæri.</p> <p>Ósæmandi hegðun, árásarmaðurinn á upphaf af samskiptum við lögreglu: Þegar lögreglumenn verða fyrir tilefnislausum hótunum, móðgunum eða niðurlæggandi orðbragði. Árásarmenn hafa afskipti af störfum lögreglu að fyrra bragði.</p> <p>Fjöldaoáspektir: Atburðir sem varða stóra hópa fólks (þrjá eða fleiri) og oft höfðu slagsmál brotist út áður en lögreglan kom á vettvang.</p>
Samskipti á umráðasvæði lögreglu	<p>Samskipti í bíl eða lögreglustöð: Þessi atvik eiga sér stað á eða við lögreglustöð eða í lögreglubíl. Ekki er endilega búið að handtaka einstaklinginn.</p> <p>Fyrirspurnum sinn: Þessi atvik eiga sér yfirleitt stað í móttökunni þar sem fólk kemur á lögreglustöð til að spyrja um tiltekna lögreglumenn, vini eða kunningja sem höfðu verið handteknir.</p>
Deilur	<p>Heimiliserjur: Atburðir innan heimilisins sem varða einstaklinga tengda innbyrðis, t.d. maka, systkini, foreldra og börn.</p> <p>Deilur almennra borgara við barþjóna, dyraverði eða aðra starfsmenn: T.d. þegar leigubílstjórar kalla lögreglu út af farþegi neitar að borga fargjaldið.</p> <p>Aðrar deilur: Þessi flokkur felur í sér allar aðrar tegundir deilna eða óláta í eða við heimahús eða skemmtistaði. Ef kvartað er vegna óláta eða hávaða fellur það hér undir.</p>
Umferðarafskipti	<p>Umferðarafskipti, engin eftirför: Þegar ökumenn hlýða merkjum lögreglumanna um að stöðva ökutæki sín.</p> <p>Umferðarafskipti, eftirför: Þegar ökumenn stöðva ekki ökutæki sín samstundis.</p> <p>Umferðarafskipti, annað: Þessi undirflokkur á sérstaklega við um tilvik þar sem stolin ökutæki eru stöðvuð. Einnig við akstur utan vega og akstur annarra ökutækja, t.d. dráttarvéla.</p>
Skipulagðar aðgerðir lögreglumanna	<p>Formleg leit: Þegar lögreglumenn fara í húsleit eða leit eða verkefni á veitinga- og skemmtistað.</p> <p>Formleg afskipti: Tengjast sérstaklega handtökum á fólki á eða nærri heimilum þeirra.</p>
Aðstoð lögreglunnar	<p>Aðstoð lögreglu: Þegar lögregla er kölluð út til að aðstoða einstakling.</p> <p>Annað: T.d. árás á sjúkrahúsi.</p>
Fyrirvaralaus árás	<p>Fyrirvaralaus árás: Þegar ráðist er á lögreglumenn að því er virðist fyrirvaralaust.</p>
Afskipti af gangandi vegfaranda	<p>Eftirgrennslan/fyrirspurnir: Þegar lögreglumenn nálgast grunaða sem þeir telja hafa einhver tengsl við brot sem hafði nýlega verið framið.</p> <p>Grunsamleg hegðun: Tilvik þar sem höfð eru afskipti af gangandi vegfaranda vegna grunsamlegrar hegðunar. Í þessum málum er oft um að ræða einstaklinga sem grunaðir eru um fíkniefnabrot.</p>
Staðinn að verki	<p>Tilraun til þjófnaðar, búðarhnúps eða sviksamlegrar notkunar á greiðslukortum: Þessi mál eiga sér stað í verslunum og fela yfirleitt í sér minniháttar brot.</p> <p>Innbrot/húsbrot: Þessi mál fela í sér alvarlegri brot þar sem farið er inn á heimili, fyrirtæki eða annað húsnæði.</p> <p>Snuðrarar eða skemmdarvargar: Lítil undirflokkur sem á við snuðrara (e. prowlers) og skemmdarvarga.</p>




Við mat á gögnum lögreglu þarf að hafa nokkurn fyrirvara í huga. Þannig koma margir að skráningu lögreglugagna og því ekki víst að forsendur skráningar séu ávallt þær sömu. Upplýsingar geta einnig tekið breytingum með tímanum þar sem ekki voru öll brot fullrannsókuð þegar þessi rannsókn var gerð. Að lokum er vert að benda á að ekki er um raunverulegan fjölda brota í samfélaginu að ræða þar sem ekki eru öll brot tilkynnt eða skráð hjá lögreglu (Ríkislögreglustjóri, 2006).

Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknar á skráðum ofbeldisbrotum gegn lögreglumönnum á árunum 1998-2005.

Fjöldi brota

Ef litið er til fjölda skráðra brota er teljast til ofbeldis gegn lögreglumönnum hefur þeim fækkað lítið eitt á tímabilinu 1998-2005. Á tímabilinu 1998-1999 var tilkynnt um 212 ofbeldisbrot gegn lögreglu, árin 2000-2001 voru þau 175, um 151 brot árin 2002-2003 og 147 á árunum 2004-2005 (sjá mynd 20). Árið 2003 var bætt við tveimur nýjum brotaflokkum í málaskrá lögreglu; annars vegar „Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt“ sbr. 19. gr. Lögreglulaga nr. 90/1996 og hins vegar „Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu“ sbr. 20. gr. laganna. Þessi breyting hefur líklega haft einhver áhrif á skráningu en lögreglumenn hafa að öllum líkindum eftir lagabreytinguna síður skráð brot sem ofbeldi gegn lögreglumönnum (106 gr.) en fleiri undir 19. og 20. gr.




Mynd 20. Fjöldi ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum sem tilkynnt voru á árunum 1998-2005.

Tími brotanna


Fjöldi tilkynntra brota eftir mánuðum var afar svipaður en ef dreifingin er skoðuð yfir allt tímabilið áttu flest brotanna sér stað í júní (11%) en fæst í febrúar (6%). Á heildina litið er hins vegar ekki hægt að segja að einn mánuður sé verri en annar (sjá mynd 21).

Á mynd 22 má sjá hlutfall ofbeldisbrota miðað við meðaltal tveggja ára greint eftir vikudögum. Algengast var að lögreglumenn yrðu fyrir ofbeldi um helgar, eða í 57 prósentum tilvika þegar litið er til alls tímabilsins, oftar á sunnudögum en laugardögum.


Ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum áttu sér oftast stað á nóttunni. Þó má sjá á mynd 23 að hlutfall brota sem gerist á þeim tíma fer fækkandi á tímabilinu. Ef litið er til alls tímabilsins sést að tæp 90 prósent þeirra ofbeldisbrota sem gerðust á sunnudögum áttu sér stað á tímabilinu frá miðnætti og til átta, þ.e.a.s. aðfaranótt sunnudags (sjá töflu v2).



Mynd 21. Hlutfallsleg skipting ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum eftir meðaltali tveggja ára, greint eftir mánuðum.



Mynd 22. Hlutfall ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum eftir meðaltali tveggja ára, greint eftir vikudögum.



Mynd 23. Hlutfall ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum eftir meðaltali tveggja ára, greint eftir tíma sólarhrings.


Upphaf málanna

Oftast mátti rekja upphaf málanna til deilna, eða í um 35 prósentum tilvika og til óspekta á almannafæri í 33 prósentum tilvika. Það er því í 68 prósentum tilvika sem upphafið felur í sér einhvers konar óróleika á vettvangi. Rúmt tíunda hvert brot átti upphaf í umferðarafskiptum (sjá töflu 13). Ef upphaf atburðanna er skoðað nánar kemur í ljós að það má rekja til ósæmandi hegðunar svo lögregla verður að hafa afskipti í 22 prósentum tilvika (sjá töflu v3).

Algengara var að upphaf atburðarins væru óspektir á almannafæri á tímabilinu 1998-1999 en 2004-2005. Hins vegar hefur farið vaxandi á tímabilinu að upphafið megi rekja til umferðarafskipta (sjá mynd 24).

Tafla 13. Fjöldi og hlutfall ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum greint eftir því hvert rekja mátti upphafið.


	Fjöldi brota	Hlutfall í %
Deilur	234	34,6
Óspektir á almannafæri	223	33,0
Umferðarafskipti	82	12,1
Skipulagðar aðgerðir lögreglumanna	43	6,4
Staðinn að verki	28	4,1
Aðstoð lögreglunnar	27	4,0
Afskipti af gangandi vegfaranda	19	2,8
Samskipti á umráðasvæði lögreglu	19	2,8
Fyrirvaralaus árás	1	0,1
Alls	676	100



Mynd 24. Hlutfall brota á ári greint eftir upphafsvettvangi.

Upplýsingar lögreglu um aðstæður áður en hún mætir á vettvang

Áhugavert er að skoða hversu mikið lögreglumenn vita um aðstæður þegar þeir mæta á vettvang. Á mynd 25 má sjá hlutfall tilvika þar sem samskipti lögreglumanna og árásarmanns höfðu átt sér stað fyrir árás, hlutfall tilvika þar sem um var að ræða útkall og hlutfall brota þar sem lögregla vissi annars vegar af æsingi á vettvangi og hins vegar af ofbeldi eða slagsmálum.



Mynd 25. Hlutfall ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum við mismunandi vitneskju.

Ef litið er til ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum yfir allt tímabilið sést að lögreglan hafði ekki átt samskipti við ofbeldismennina áður en þeir urðu fyrir árás í 12 prósentum þessara brota yfir tímabilið.

Lögreglumenn voru kallaðir út í 69 prósentum tilvika ofbeldisbrota á tímabilinu. Þegar upphaf atburðarins var fyrirvaralaus árás (eitt brot) eða á umráðasvæði lögreglu (19 brot) voru lögreglumenn ekki kallaðir út. Athyglisvert er að í 44 prósentum tilvika þar sem upphafið voru fjöldaóspektir gripu lögreglumenn inn í án þess að vera kallaðir til (sjá töflu v4).

Lögreglumenn vissu í 65 prósentum tilvika áður en þeir skárust í leikinn að þörf væri á að róa ástandið og í 26 prósentum tilvika um slagsmál eða ofbeldi áður en þeir blönduðu sér í málin ef litið er til meðaltals áranna 1998-2005.

Magn upplýsinga sem lögreglumenn fengu áður en þeir lögðu í að leysa verkefnið, hefur haldist mjög svipað á tímabilinu en áverkar fóru stigvaxandi eftir því sem lögreglumenn vissu meira um kringumstæður.

Í 41 prósentum tilvika þegar um útkall var að ræða fengu lögreglumenn einhverja áverka, en í 34 prósentum tilvika þegar afskipti voru af öðru tilefni (sjá töflu 14).

Í töflu 15 er skoðað hvort lögreglumenn hljóti frekar áverka eftir árás þegar vitað var um slagsmál eða ofbeldi. Þar sést að ef lögreglumenn vissu ekki af slagsmálum eða ofbeldi áður en þeir fóru á vettvang fengu þeir einhverja áverka í 36 prósentum tilvika (181 brot). Hins vegar hlutu lögreglumenn áverka í 45 prósentum tilvika (80 brot) ef þeir vissu af slagsmálum áður en komið var á vettvang.

Tafla 14. Hlutfall tilvika þar sem lögreglumenn hlutu áverka, greint eftir því hvort um var að ræða útkall eða afskipti af öðru tilefni.

	Útkall	Ekki útkall	Alls
Engir áverkar	59,2	65,9	61,2
Smávægilegir áverkar	38,6	32,2	36,7
Nokkrir áverkar	2,2	2,0	2,1
Alls	100	100	100

Tafla 15. Hlutfall áverka lögreglumanna í ofbeldisbrotum greint eftir því hvort vitað var um ofbeldi eða slagsmál áður en komið var á vettvang.

	Vitað um slagsmál	Ekki vitað um slagsmál	Alls
Engir áverkar	55,1	63,7	61,4
Smávægilegir áverkar	41,0	34,9	36,5
Nokkrir áverkar	3,9	1,4	2,1
Alls	100	100	100

Þegar upphaf máls var „óspektir á almannafæri“ var vitað um slagsmál í 43 prósentum tilvika. Þegar þetta er skoðað nánar kemur í ljós að í 90 prósentum mála þar sem upphafið mátti rekja til fjöldaóspekta vissi lögregla um ofbeldi eða slagsmál (sjá töflu v6 og v7).

Vettvangur ofbeldis


Lögreglumenn urðu oftast fyrir ofbeldi við óspektir á almannafæri, eða í 32 prósentum tilvika. Í 25 prósentum tilvika urðu þeir fyrir ofbeldi á umráðasvæði lögreglunnar og í rúmlega fimmtungi tilvika þegar um deilur var að ræða. Það er því í 77 prósentum tilvika að ofbeldi gegn lögreglumönnum verður við þessar aðstæður (sjá töflu 16).

Ef undirflokkar ofbeldisvettvangs eru skoðaðir sést að fjórir þeirra ná yfir 60 prósent ofbeldisbrota. Þeir eru „samskipti á umráðasvæði lögreglu“, „ósæmandi hegðun svo lögregla verður að hafa afskipti“, „fjöldaóspektir“ og „heimiliserjur“ (sjá töflu v8).

Tafla 16. Vettvangur ofbeldis gegn lögreglu.


	Fjöldi brota	Hlutfall í %
Óspektir á almannafæri	221	32,3
Samskipti á umráðasvæði lögreglu	170	24,8
Deilur	150	21,9
Umferðarafskipti	50	7,3
Skipulagðar aðgerðir lögreglumanna	31	4,5
Aðstoð lögreglunnar	21	3,1
Fyrirvaralaus árás	17	2,5
Afskipti af gangandi vegfaranda	13	1,9
Staðinn að verki	12	1,8
Alls	685	100

Tíðni ofbeldis gegn lögreglumönnum við óspektir á almannafæri hefur farið lækkandi á tímabilinu 1998-2005. Á tímabilinu 1998-1999 urðu 40 prósent brota á þeim vettvangi, en fjórðungur á árunum 2004-2005. Þá jókst ofbeldi við umferðarafskipti úr fjórum prósentum í tíu prósent á tímabilinu (sjá mynd 26).



Mynd 26. Hlutfall brota á ári greint eftir hlutfallslegri skiptingu ofbeldisvettvangs.

Eins og fram kemur á mynd 27 átti meirihluti tilvika ofbeldis sér stað á sama vettvangi og verkefnið byrjaði. Ef ofbeldið átti sér stað annars staðar var það yfirleitt á umráðarsvæði lögreglu. Í 56 prósentum ofbeldisbrota gegn lögreglu átti ofbeldi sér stað eftir að lögregla kom á vettvang til að aðstoða borgara og voru lögreglumenn enn að sinna því þegar þeir urðu fyrir árás. Hins vegar þróaðist ástandið á vettvangi í óspektir á almannafæri í 30 prósentum tilvika. Þá má velta fyrir sér hvort nærstaddir brugðust illa við aðkomu lögreglu þar sem þeir áttu eingöngu von á sjúkraliði eða skildu ekki verklag lögreglu.




Mynd 27. Hlutfall upphafsvettvangs af hlutfalli ofbeldisvettvangs.

Tegund ofbeldis

Ofbeldi sem lögreglumenn urðu fyrir var margs konar. Í 14 prósentum þessara brota kom vopn fyrir. Eins og sjá má á mynd 28 hefur ofbeldi og notkun vopna aukist lítillega á tímabilinu, eða úr um fjórum prósentum tilvika 1998-1999 í 14 prósent 2004-2005.


Í 325 brotum var greint frá að árássarmaður réðst á lögreglu eða að átök brutust út án þess að nánari útlistun kæmi fram í skýrslu. Ef hins vegar litið er til árássaraðferða sem lýst var kemur í ljós að það var a.m.k. hótað í 18 prósentum tilvika, sparkað í 14 prósentum og kýlt í 11 prósent brota (sjá töflu 17). Oft var fleiri en einni árássaraðferð beitt. Á tímabilinu hefur orðið fjölgun á kýlingum en farið minnkandi að lögreglumenn séu slegnir. Fjöldi hótana, sparka og svívirðinga hélst svipaður milli ára (sjá mynd 29).



Mynd 28. Hlutfall ofbeldis með eða án vopns greint eftir árum.

Tafla 17. Fjöldi og hlutfall árása sem lögreglumenn urðu fyrir.

	Fjöldi mála þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi kom fyrir	Hlutfall í %
Hótað	210	18,2
Sparkað	159	13,8
Kýlt	127	11,0
Slegið	90	7,8
Svívirðing	89	7,7
Tilraun til að slá	79	6,9
Tilraun til að sparka	55	4,8
Bitið	55	4,8
Hrækt	52	4,5
Hrint	41	3,6
Tilraun til að hrinda	40	3,5
Skallað	35	3,0
Tilraun til að skalla	27	2,3
Hálstak	25	2,2
Tilraun til að bíta	23	2,0
Tilraun til að kýla	22	1,9
Klórað	15	1,3
Tilraun til að hrækja	6	0,5
Tilraun til hálstaks	3	0,3
Alls fjöldi brota	1.153	100




Mynd 29. Hlutfall brota á ári greint eftir algengustu árásaraðferðunum.


Í 98 brotum á árunum 1998-2005 bar árásarmaður vopn. Í 33 brotum var um eggvopn að ræða, barefli í 32 og ökutæki í 19 tilvikum. Í 14 tilfellum var vopnið „annað“ en undir þann flokk falla ýmsir hlutir sem komu við sögu í málunum. Má þar nefna ryksugurör, veggklukku, boga og tölvu. Í einu tilviki var vopnið skotvopn. Það var árið 2001 en þá var lögreglumönnum ógnað með skambbyssu.

Á mynd 30 má sjá hvaða tegund vopna árásarmenn báru. Í 50 prósentum mála þar sem vopn kom við sögu á árunum 2002-2003 voru eggvopn en á árunum 2004-2005 voru eggvopn, ökutæki og barefli tiltölulega jafnt hlutfall vopna, eða um 30 prósent hvert. Þegar ökutæki var vopn árásarmanns var ofbeldisvettvangur umferðarafskipti í 67 prósentum tilvika (12 brot) (sjá töflu v8).

Á mynd 31 má sjá hvernig fjöldi vopna hefur þróast á árunum 1998-2005. Árin 1998-1999 voru 23 tilvik þar sem vopn kom við sögu. Árin 2000-2001 voru tilvikin 18 en 29 á árunum 2002-2003 og 28 árin 2004-2005. Þegar litið er til tímabilsins í heild hefur því orðið örlítill aukning á því að árásarmaður beri vopn, sérstaklega miðað við hlutfall af heildarfjölda brota.




Mynd 30. Hlutfall vopnategundar greint eftir meðaltali tveggja ára.



Mynd 31. Fjöldi og hlutfall mála þar sem árássarmaður bar vopn á tímabilinu 1998-2005.

Árássarmenn beittu vopninu á lögreglumenn í tæpum 40 prósentum tilvika. Í 33 prósentum brota var lögreglu ógnað með vopninu en í tæplega fimmtungi tilvika var gerð tilraun til að beita því. Þegar vopnið var ökutæki var því beitt í 72 prósentum brotanna (sjá mynd 32).





Mynd 32. Hlutfall tegundar vopns sem árásarmenn ógnuðu eða beittu.

Áverkar lögreglumanna


Áverkum lögreglumanna var skipt í þrjá flokka eftir alvarleika: „Engir áverkar“, „minniháttar áverkar“ og „nokkrir áverkar“. Undir flokkinn „engir áverkar“ falla mál þar sem engar afleiðingar voru eða ekki tekið fram í lögregluskýrslu hvort lögreglumaður hafi hlotið áverka eða leitað til slysadeildar. Undir „minniháttar áverkar“ falla hvers kyns marblettir, eymsli eða skrámur. Undir „nokkrir áverkar“ falla alvarlegustu atvikin s.s. þegar áverkar voru beinbrot eða höfuðáverkar.

Lögreglumenn hlutu enga áverka, eða engar upplýsingar um það í skýrslum í 420 tilvikum. Þeir fengu smávægilega áverka í 251 broti og í 14 málum nokkra áverka. Lögreglumenn hlutu því einhverja áverka í 39 prósentum brotanna. Samkvæmt þessu eru talsverðar líkur á að lögreglumenn hljóti einhverja áverka þegar ofbeldi er beitt gegn þeim. Hins vegar ber að athuga að alvarlegar árásir á lögreglumenn eru frekar tilkynntar en þær sem minni eru.

Undir nokkra áverka féllu fjögur tilvik þar sem brotnaði upp úr tönn, fjögur tilvik þar sem lögreglumenn fengu höfuðáverka, heilahristing eða þess háttar og sex tilvik sem falla undir mikla áverka, t.d. öxl úr lið, brotið rifbein, nefbrot og skurður á höfði.

Þegar litið er til tímabilsins 1998-2005 sést að á árunum 2000-2001 var algengast að lögreglumenn hlýtu einhverja áverka eða í að meðaltali 49 prósentum tilvika (sjá mynd 33). Það sýnir að málin sem skráð eru í dag eru ekki alvarlegri en þau sem voru bókuð 2000-2001.

Lögreglumenn sem urðu fyrir ofbeldi í tengslum við afskipti af gangandi vegfaranda hlutu áverka í rúmlega helmingi tilvika (sjö brot) en í 48 prósentum tilvika þegar þeir urðu fyrir ofbeldi á umráðasvæði sínu (81 tilfalli). Algengast var að lögreglumenn hlutu nokkra áverka þegar árásin var fyrirvaralaus, eða í sex prósentum tilvika (sjá töflu v9).



Mynd 33. Hlutfall áverka á tímabilinu 1998-2005.

Fjöldi á vettvangi og fjöldi árásarmanna

Í 67 prósentum tilvika voru aðrir en árásarmaður viðstaddir árás á lögreglumenn (sjá töflu 18).

Tafla 18. Fjöldi á vettvangi þegar árás verður, fjöldi brota og hlutfall.

	Fjöldi brota	Hlutfall í %
Einn	228	33,3
Tveir til fimm	270	39,4
Sex til tíu	52	7,6
Ellefu eða fleiri	135	19,7
Alls	685	100


Í 75 prósentum tilvika var árásaraðili einn þegar vettvangur brots var á umráðasvæði lögreglunnar, í 62 prósentum tilvika þegar aðstoð var veitt og 40 prósent brota sem fólu í sér umferðarafskipti. Í öðrum flokkum brota var fjöldi á vettvangi yfirleitt fleiri en einn (sjá töflu 19).

Tafla 19. Hlutfall einstaklinga á vettvangi þegar lögregla verður fyrir ofbeldi.

	Einn	Tveir til fimm	Sex til tíu	Ellefu eða fleiri
Skipulagðar aðgerðir lögreglumanna	25,8	51,6	6,5	16,1
Óspektir á almannafæri	18,6	24,4	12,7	44,3
Fyrirvaralaus árás	23,5	52,9	11,8	11,8
Deilur	6,7	69,3	10,0	14,0
Umferðarafskipti	40,0	56,0	4,0	0
Afskipti af gangandi vegfaranda	23,1	69,2	0	7,7
Staðinn að verki	25,0	66,7	0	8,3
Samskipti á umráðasvæði lögreglu	74,1	22,4	1,2	2,4
Aðstoð lögreglunnar	61,9	19,0	4,8	14,3

Á tímabilinu 1998-2005 var í flestum tilfellum (76% brota) um einn árásarmann að ræða. Í tíu prósentum tilvika voru árásarmennirnir þrír eða fleiri. Fjöldi árásarmanna helst tiltölulega svipaður á tímabilinu en algengara var að fjöldi árásarmanna væri aðeins einn 2004-2005 en árin á undan (sjá mynd 37).

Þegar ofbeldisvettvangur var „fjöldaóspektir“ var fjöldi árásarmanna í 75 prósentum tilvika fleiri en einn (60 tilfelli), þar af voru fleiri en fimm í 38 prósentum tilvika (30 tilfelli).



Mynd 34. Fjöldi brota á ári, greint eftir fjölda árásarmanna sem beittu lögreglumenn ofbeldi.


Ástand árásmanna

Áráarmaður var ölváður í 501 tilviki, eða í 83 prósentum brotanna. Áráarmaður var hins vegar allsgáður í sjö prósentum brota, undir áhrifum áfengis og fíkniefna í fjórum prósentum, og einungis fíkniefna í þremur prósentum brota (sjá töflu 20). Það er því í flestum tilfellum sem árásmenn voru undir áhrifum áfengis þegar brotin voru framin. Þó ber að athuga að upplýsingar um ástand árásmanns vantaði í skýrslur í 81 þessara brota sem kann að hafa einhver áhrif á niðurstöður.

Tafla 20. Ástand árásmanns, fjöldi brota og hlutfall.

	Fjöldi brota	Hlutfall í %
Ölváður	501	82,9
Allsgáður	43	7,1
Áfengi og fíkniefni	21	3,5
Fíkniefni	19	3,1
Lyf	11	1,8
Áfengi og lyf	6	1,0
Áfengi, lyf og fíkniefni	2	0,3
Lyf og fíkniefni	1	0,2
Alls	604	100

Á mynd 35 má sjá í hvaða ástandi árásmennirnir voru eftir árum. Af þeim sem voru undir áhrifum 1998-1999 voru 94 prósent undir áhrifum áfengis en hlutfallið hefur farið lækkandi því árið 2004-2005 var það komið niður í 83 prósent. Hins vegar hefur farið vaxandi að áráarmaður væri undir áhrifum fíkniefna, úr tæplega sex prósentum upp í rúmlega tíu.




Mynd 35. Hlutfall árásmanna undir áhrifum, greint eftir árum.

Þegar lögreglumenn urðu fyrir ofbeldi við samskipti á umráðasvæði þeirra voru árásmenn ölváðir í 93 prósentum tilvika. Þar sem voru óspektir á almannafæri voru árásmenn undir áhrifum áfengis í 91 prósentu tilvika (sjá töflu 21).

Tafla 21. Hlutfall árásmanna undir áhrifum, greint eftir ofbeldisvettvangi.

	Áfengi	Lyf	Fíkniefni	Alls-gáður
Skipulagðar aðgerðir lögreglumanna	56,0	0,0	24,0	20,0
Óspektir á almannafæri	91,1	1,4	5,6	1,9
Fyrirvaralaus árás	85,7	0,0	7,1	7,1
Deilur	84,6	4,0	6,7	4,7
Umferðarstöðvun	48,9	6,7	8,9	35,6
Afskipti af gangandi vegfaranda	30,0	10,0	40,0	20,0
Staðinn að verki	70,0	0,0	10,0	20,0
Samskipti á umráðasvæði lögreglu	93,3	1,3	2,7	2,7
Aðstoð lögreglunnar	60,0	25,0	5,0	10,0
Alls	83,3	3,1	6,8	6,8

Í sjö prósentum tilvika benti allt til þess að einstaklingur ætti við geðræn vandamál að stríða en svo virðist sem lítilsháttar fjölgun hafi orðið á þeim málum á tímabilinu (sjá mynd 39).



Mynd 36. Andlegt ástand árásarmanns, greint eftir árum.

Valdbeiting lögreglunnar


Í 65 prósentum tilfella var lögreglan ekki búin að handtaka einstaklinginn þegar alvarlegasta árásin varð. Í fjórðungi tilvika hafði handtaka farið fram og í níu prósentum tilvika var verið að handtaka einstakling þegar hann gerði árásina. Af 25 prósentum þeirra sem höfðu verið handteknir þegar árás varð, voru tíu prósent í handjárnnum (sjá töflu 22 og mynd 38).

Tafla 22. Staða handtöku þegar árás var gerð á lögregluna.


	Fjöldi mála	Hlutfall í %
Ekki búíð að handtaka	448	65,4
Verið að handtaka	63	9,2
Búíð að handtaka	174	25,4
Alls	685	100

Staða handtöku og hvort árásarmaður var í handjárnnum þegar árás varð er svipuð milli ára á tímabilinu (sjá mynd 37 og 38).

Ef litið er til fjölda tilvika þar sem lögreglumenn fengu áverka eftir árás eftir því hvort árásarmaður var í handjárnnum eða ekki, kemur í ljós að þegar árásarmaður var í handjárnnum fengu lögreglumenn áverka í tæplega helmingi tilvika. Hins vegar hlutu lögreglumenn einhverja áverka í 38 prósentum tilvika þegar árásarmaður var ekki í handjárnnum (sjá mynd 39).




Mynd 37. Hlutfallstölur um stöðu handtöku, greint eftir meðaltali tveggja ára.




Mynd 38. Hlutfallstölur hvort árársarmaður var í handjárnnum eða ekki, greint eftir meðaltali tveggja ára.

Þegar valdbeiting lögreglumanna er skoðuð kemur í ljós að í helmingi tilvika var árársarmaður settur í handjárn, í 20 prósentum tilvika tók, táragsi var beitt í níu prósentum tilvika og kylfu í fjórum prósentum. Stundum var fleiri en einni valdbeitingu beitt. Í 12 prósentum tilvika var engri valdbeitingu beitt eftir árás. Ástæður þess gátu verið að lögreglumenn treystu sér ekki til að beita valdi vegna aðstæðna (t.d. í fjöldaóspektum) eða vegna þess að árársarmaður var þegar handjárnmaður eða í fangaklefa. Á árunum 1998-2001 var handjárnnum beitt í



Mynd 39. Hlutfallstölur árársarmanna í handjárnnum eða ekki, greint eftir áverkum lögreglumanna.

rúmlega helmingi tilvika en hafði fækkað aðeins á tímabilinu 2002-2005. Kylfu var oftast beitt eftir því sem leið á tímabilið (sjá mynd 40).



Mynd 40. Hlutfall brota á ári greint eftir hlutfalli valdbeitingar.

Áhugavert er að skoða hvort lögreglan beitti ólíkum viðbrögðum við ofbeldi eftir því við hvaða kringumstæður það átti sér stað. Þegar ofbeldisvettvangur var „fjöldaóspektir“ var beitt tárugasí í tæplega 20 prósentum tilvika og eins þegar ofbeldisvettvangur var „eftirgrennslan“ eða „grunsamleg hegðun“ (sjá töflu v10).

Í töflu 23 má sjá að ef árássarmaður var einn var valdbeitingin handjárn í 48 prósentum tilvika. Ef fjöldi árássarmanna var hins vegar ellefu eða fleiri voru handjárn notuð í 35 prósentum tilvika, en tárugasí beitt í 38 prósentum tilvika.


Tafla 23. Hlutfall valdbeitingar greint eftir fjölda árássarmanna.

	Einn	Tveir	Þrír	Fjórir	Fimm til tíu	Ellefu eða fl.	Alls
Handjárn	48	49	52	44	39	35	48
Tök	18	19	24	20	21	12	19
Ekkert aðhafst	13	5	10	8	8	0	11
Upplýsingar vantar	8	6	0	4	0	0	7
Tárugasí	6	16	10	8	21	38	9
Plastbensli ⁴	4	4	0	0	0	4	4
Kylfa	3	2	3	16	8	12	4
Lengri kylfa	0	0	0	0	0	0	0
Vasaljós	0	0	0	0	3	0	0

Einstaklingar


Vegna breytinga í skráningu kærðra eru hér aðeins skoðaðir þeir einstaklingar sem kærðir voru fyrir ofbeldi gegn lögreglu á árunum 2000-2005. Kært var fyrir 81 prósent ofbeldisbrota sem skráð voru á tímabilinu. Margar ástæður geta verið fyrir því að enginn er kærður fyrir brot. Þannig getur stundum verið um marga gerendur að ræða, en ekki einhvern tiltekinn, en einnig getur ástæðan verið takmarkaðar upplýsingar til að vinna málið áfram og komast að því hverjir séu gerendur í málinu.

4) Notað til að binda hendur og fætur við fjöldahandtöku eða þegar lögreglumenn þurfa að glíma við erfiða einstaklinga.




Mynd 41. Fjöldi kærðra karla og kvenna vegna ofbeldis gegn lögreglumönnum 2000-2005.

Þegar litið er til fjölda einstaklinga sem kærðir voru á hverju ári þá voru samtals 500 einstaklingar kærðir 516 sinnum. Flestir voru aðeins kærðir einu sinni eða 87 prósent, tæp ellefu prósent voru kærð fyrir tvö ofbeldisbrot gegn lögreglumanni og tæp tvö prósent fyrir þrjú brot. Líkt og í öðrum ofbeldisbrotum voru karlar í miklum meirihluta kærðra eða tæplega 87 prósent (mynd 41). Meðalaldur þeirra voru tæp 27 ár ($sf=10,4$) en tæp 24 ár hjá konum ($sf=8,1$). Eins og fram kemur á mynd 42 er þó ekki mikill munur á aldursdreifingu karla og kvenna sem kærð voru.




Mynd 42. Fjöldi kæra á einstaklinga vegna ofbeldis gegn lögreglu greint eftir aldri.




Mynd 43. Kyn einstaklinga sem beittu lögreglumenn ofbeldi á árunum 2000-2005, greint eftir fjölda skipta sem einstaklingar höfðu komið við sögu lögreglu.

Eins og sést á mynd 43 höfðu einstaklingar sem beittu lögreglumenn ofbeldi á árunum 2000-2005 yfirleitt brotið oft af sér. Tveir einstaklingar höfðu þó einungis brotið af sér í þetta eina skipti. Alls höfðu 95 karlmenn brotið af sér oft en 50 sinnum en aðeins 8 konur. Um 80 prósent kvenna sem höfðu beitt lögreglumenn ofbeldi höfðu komið við sögu lögreglunnar 30 sinnum eða sjaldnar.




Mynd 44. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglu eftir því á hvaða tíma sólarhrings brotið var framíð.

Einnig er athyglisvert að skoða hvort munur sé á hvenær sólarhrings ofbeldisbrotin eiga sér stað, annars vegar ef karlar eru grundaðir um verknaðinn og hins vegar ef um konur er að ræða. Eins og fram kemur á mynd 44 eiga flest þessara brota sér stað á næturnar, oftast í kringum miðnættið og svo aftur um klukkan 03.00. Mjög fá brot eru kærð á daginn.




Mynd 45. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum greint eftir mánuðum.

Ekki er munur eftir kyni á því hvenær ársins brotin áttu sér stað. Í heild voru þau flest á sumrin þó ekki sé mikill munur á milli mánaða (sjá mynd 45).




Mynd 46. Hlutfallsleg dreifing ofbeldisbrota karla og kvenna gegn lögreglumönnum, greint eftir vikudegi brots.

Ekki er munur á tíma brots eftir því hvort karlar eða konur eru grunuð um verknaðinn en flest brot eiga sér stað um helgar (sjá mynd 46).



Mynd 47. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglunni, greint eftir því við hvaða aðstæður fyrstu afskipti lögreglunnar voru.


Þegar fyrstu afskipti lögreglumanna eru skoðuð eftir því hvort karl eða kona var kærð fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni kemur í ljós að fyrstu afskipti lögreglunnar átti sér stað vegna óspekta á almanna-



Mynd 48. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum, greint eftir vettvangi ofbeldisbrots.


færi og vegna deilna bæði hjá körlum og konum. Ívið algengara var að fyrstu afskipti af konum væru vegna umferðarafskipta, vegna skipulagðra aðgerða lögreglu, vegna yfirstandandi afbrots og vegna aðstoðar lögreglunnar en ef um karl væri að ræða (sjá mynd 47).

Þegar vettvangur ofbeldisins er skoðaður (sjá mynd 48) vekur athygli að svo virðist sem ofbeldi eigi sér oftast stað á almannafæri þar sem ólæti eru fyrir. Í öðrum tilvikum á ofbeldið sér hins vegar oftast stað á lögreglustöð eða í lögreglubíl. Athygli vekur að konur virðast líklegri en karlar til að beita ofbeldi á umráðasvæði lögreglu en karlar eru hins vegar líklegastir til að beita ofbeldi þegar lögreglan hefur afskipti af þeim vegna óspekta á almannafæri.



Mynd 49. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglu eftir því hversu alvarlega áverka lögreglumaðurinn hlaut.

Mynd 49 sýnir áverka þeirra lögreglumanna sem urðu fyrir ofbeldi eftir því hvort karl eða kona var grunuð um verknaðinn. Athygli vekur að nánast enginn munur er á því hversu alvarleg málin voru. Þannig voru áverkar smávægilegir í 45 prósentum tilvika þar sem karlmaður var grunaður um verknaðinn og í 52 prósentum tilvika þar sem kona var grunuð.




Mynd 50. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum eftir því hvort vopni var beitt í árás.


Eins og áður hefur komið fram voru áverkar í ofbeldisbrotum gegn lögreglumönnum í flestum tilvikum engir eða smávægilegir. Því kemur ekki á óvart að í fæstum tilvikum var vopni beitt. Hins vegar vekur athygli að ekki er munur eftir kyni á því hvort vopni var beitt (sjá mynd 50).

Aldur grunaðra


Algengast var að kærðir væru á aldrinum 18-25 ára, eða um helmingur kærðra. Rúmlega 20 prósent kærðra voru á aldrinum 26-39 ára og um 15 prósent undir lögaldri, eða á aldrinum 12-17 ára (sjá mynd 54). Yngstur grunaðra var 12 ára og sá elsti 61 árs.



Mynd 51. Fjöldi kærðra eftir aldri á tímabilinu 2000-2005.



Mynd 52. Aldurshlutfall kærðra greint eftir vikudegi.




Mynd 53. Hlutfall aldurs þeirra sem kærðir voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum eftir því á hvaða tíma sólarhrings brotið átti sér stað.

Ekki virtist skipta máli á hvaða aldri kærði var eftir því hvaða vikudagur væri algengastur. Helgarnar voru þar algengastar, þótt 20 prósent kærðra á aldrinum 12-17 ára beittu lögreglu ofbeldi á miðvikudögum (sjá mynd 52).


Flest þessara brota eiga sér stað á næturnar eins og áður sagði og ekki skiptir aldur máli í því sambandi. Samt er athyglisvert að rúmlega

30 prósent kærða á aldrinum 12-17 ára beittu lögreglu ofbeldi frá klukkan 16.00 og tólf á miðnætti (sjá mynd 53).



Mynd 54. Hlutfall aldurs þeirra sem kærðir voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum, greint eftir því við hvaða aðstæður fyrstu afskipti voru.

Talsverður munur var eftir aldurshópum hvar fyrstu afskipti lögreglunnar voru. Lögregla hafði afskipti af um 40 prósentum kærðra á aldrinum 12-25 ára vegna óspekta á almannafæri. Hún hafði hins vegar upphaflega afskipti af rúmlega 40 prósentum kærðra á aldrinum 26-62 ára vegna deilna (sjá mynd 54).




Mynd 55. Hlutfall aldurs þeirra sem kærðir voru fyrir ofbeldi gegn lögreglumönnum eftir vettvangi ofbeldisbrots.


Ef við skoðum vettvang ofbeldis eftir aldri sést að tæplega 45 prósent þeirra sem voru kærð á aldrinum 12-25 ára beittu ofbeldinu við óspektir á almannafæri en það sama á við um tæplega 25 prósent kærðra á aldrinum 26-62 ára (sjá mynd 55).

Ferill mála

Ferill þeirra 470 mála sem komið hafa upp eftir 1999 var skoðaður sérstaklega m.t.t. ýmissa þátta. Ástæða þess að einungis er hægt að skoða feril mála eftir árið 1999 er sú að málaskrárkerfi ákærvaldsins var tekið í notkun árið 2000. Á mynd 56 kemur fram að flestum málum er lokið á lögreglustigi en um 23 prósent málanna fór í ákærumeðferð.




Mynd 56. Hlutfallsleg skipting lokaferla mála á árunum 2000-2005.




Mynd 57. Málsmeðferðartími mála í dögum talið á tímabilinu 2000-2005.

Málsmeðferðartími milli ára hefur sveiflast nokkuð síðustu ár og má sérstaklega benda á árið 2004 þar sem meðallengdin er styst og nær 151 degi, eins og kemur fram á mynd 57. Þessi dagafjöldi fer einnig saman við að á því ári eru hlutfallslega fæst mál send áfram til ákærumeðferðar, eða um 19 prósent þeirra mála sem upp koma (sjá mynd 58).



Mynd 58. Hlutfall mála sem send eru áfram til ákærumeðferðar á tímabilinu 2000-2005.

Um 107 mál voru send áfram í ákærumeðferð (23%). Ef þau eru skoðuð sérstaklega m.t.t. lokastöðu ferils kemur í ljós að 57 prósent þeirra enda með dómi. Þar af var tæpum þremur prósentum héraðsdóma áfrýjað til hæstaréttar (sjá mynd 59).



Mynd 59. Hlutfallsleg skipting niðurstöðu mála sem send voru í ákærumeðferð 2000-2005.

Athyglisvert er að ekki fundust nein tengsl á milli alvarleika áverka sem lögreglumenn hlutu og hvort málin fengu ákærumeðferð. Þetta má eflaust skýra með því að líkur á því að mál fari í ákærumeðferð tengjast frekar lögformlegum atriðum og sönnunarstöðu en afleiðingum ofbeldisins.

Umræða um rannsókn á skráðum brotum

Jafn ýtarleg rannsókn á skráðum brotum hjá lögreglu hefur ekki verið framkvæmd áður á Íslandi. Farið var yfir allar skýrslur um ofbeldi gegn lögreglumönnum yfir átta ára tímabil. Rannsókn á sama viðfangsefni var gerð árið 2002 en hún náði eingöngu til brota sem skráð voru árið 2001 og ekki var um jafn umfangsmikla greiningu að ræða.

Í rannsókn á tilkynntum ofbeldisbrotum gegn lögreglumönnum á árunum 1998-2005 kemur fram að þessum brotum hefur fækkað á tímabilinu. Má rekja það að einhverju leyti til breytinga á skráningu árið 2003 en í janúar það ár voru tveir brotaflokkar stofnaðir í mála-skrá lögreglu, „Fyrimælum lögreglu ekki hlýtt“ og „Lögreglumanni tálmað að gegna starfi sínu“. Hins vegar átti sér stað fækkun brotanna áður en brotaflokkarnir tveir voru stofnaðir og því er ekki hægt að rekja fækkunina eingöngu til breytinga í málaskrá.

Í flestum tilvikum höfðu lögreglumenn upplýsingar um að þeir voru að fara inn í erfiðar aðstæður þar sem ástand var óstöðugt. Í þessu sambandi vekur athygli að því meira sem þeir vissu um málið, og voru þar af leiðandi betur viðbúnir, jukust líkur á áverkum. Þó má vel vera að meginskýringin á þessu felist í því að einnig hafi verið um alvarlegri mál að ræða og því líkur á áverkum meiri.

Í níu af hverjum tíu málum þar sem lögreglumenn brugðust við fjöldaóspektum, og þeim var síðar sýnt ofbeldi, vissu þeir fyrir fram um ofbeldi eða slagsmál á vettvangi. Einnig er athyglisvert að í 44 prósentum brota sem gerðust á þeim vettvangi var ekki um útkall að ræða. Huga má betur að því hvernig lögreglan bregst við fjöldaóspektum auk þess sem tryggja þarf að lögreglumenn séu ekki að fara faliðaðir inn á slíkan vettvang þar sem þeir gætu sett sjálfa sig í hættu og orðið til þess að ástand á vettvangi stigmagnist.


Lögreglan varð oftast fyrir ofbeldi þar sem óspektir voru á almanna-færi, við samskipti á umráðasvæði lögreglu og við deilur einstaklinga. Áhugavert væri að greina nánar þessar aðstæður og sjá hvort hægt væri að auka öryggi lögreglumanna á einhvern hátt.

Í þeim tilvikum þar sem árársarmaður var vopnaður var eggvopn, barefli og ökutæki algengust. Í aðeins einu tilviki á tímabilinu var vopnið skotvopn. Þegar litið er til tímabilsins í heild hefur orðið örlítill aukning á því að árársarmaður beri vopn. Þessar niðurstöður koma á óvart, þ.e. að hlutfall vopna hafi ekki aukist meira, ef miðað er við þá umfjöllun sem verið hefur undanfarið.

Þegar lögreglumenn urðu fyrir ofbeldi á umráðasvæði sínu fengu þeir einhverja áverka í um helmingi tilvika. Þetta þarf að skoða nánar enda ætti að vera hægt að tryggja aðstæður hér betur. Algengast var að lögreglumenn fengju nokkra áverka þegar árásin var fyrirvaralaus, eða í sex prósentum þeirra tilvika. Það þarf kannski ekki að koma á óvart enda lögreglumenn algjörlega óviðbúnir að verjast í slíkum tilfellum.

Í 67 prósentum tilvika eru fleiri en árársaðili nálægt þegar ofbeldi gegn lögreglumönnum átti sér stað. Þetta má e.t.v. rekja til þess að einstaklingar í hóp eiga það til að hegða sér á óskynsamlegri hátt en ella, þ.e. skilgreina sig sem hluta af hópnum en ekki sem einstaklinga (e. deindividuation) (Goldstein, 2002; Mummendey og Otten, 2001). Lögreglumenn eru einir af fáum sem mega beita valdi löglega og viðurlög eru við því að tálma þá í starfi. Líklegra er að einstaklingar þori að mótmæla lögbundnum aðgerðum lögreglunnar í margmenni þar sem meiri stuðnings er að vænta og meiri yfirlýsing fólgin í mótmælaaðgerðunum. Að sama skapi verður lögreglan að sýna öðrum borgurum sem eru á vettvangi að enginn komist upp með lögbrot beint fyrir framan þá. Þessi þrýstingur getur valdið aukinni spennu á vettvangi og erfiðleikum fyrir lögreglumenn að ná tókum á ástandinu.

Árásmenn voru ölvaðir eða undir áhrifum fíkniefna í níu af hverjum tíu þessara brota. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknna á ofbeldisbrotum almennt sem sýna sterk tengsl áfengis og karla við ofbeldi, en karlar voru 87 prósent kærðra (Ríkislögreglustjórinn, 2006; Howitt, 2002). Árársarmaður átti hins vegar við geðræn vandamál að stríða í sjö prósentum tilvika. Fólk sem er í tilfinningalegu uppnámi eða jafnvel í sturlunarástandi er ekki líklegt til að beita rökhugsun í samskiptum sínum við lögregluna. Þannig getur það túlkað aðkomu lögreglumanna sem ógnun og viðbrögð orðið hömlulaus. Aukist hefur að árásmenn sem ráðast á lögreglu eigi við slík vandamál að stríða. Ef einstaklingur er í sturlunarástandi eða jafn-



vel haldinn ofsóknarhugmyndum er nauðsynlegt að lögreglan gefi skýr skilaboð þess efnis að þeir séu komnir þarna til að hjálpa og ýti alls ekki undir ranghugmyndir viðkomandi aðila. Það sama á við um þegar lögreglan kemur fyrst á vettvang eftir að einstaklingur hefur gert tilraun til sjálfsvígs. Þá er mikilvægt að lögreglumenn kynni strax tilgang aðkomu þeirra að málinu.

Lögreglumenn hlutu hlutfallslega meiri áverka af völdum þeirra sem voru í handjárnnum en þeirra sem voru það ekki. Hér þyrfti að skoða málin betur.

Frá 2000-2005 voru 479 einstaklingar kærðir 516 sinnum fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni. Flestir voru aðeins kærðir einu sinni (87%), einn af hverjum tíu fyrir tvö slík brot og tæp tvö prósent fyrir þrjú brot. Það virðist því samkvæmt þessu ekki vera mikið um að sömu einstaklingar ráðist á lögreglu. Á hinn bóginn hafa þessir einstaklingar í flestum tilfellum áður komið við sögu lögreglunnar. Það sýnir að þessir einstaklingar eru ekki að hafa samskipti við lögregluna í fyrsta skipti og viðhorf þeirra kunna að vera mótuð af upplifun fyrri samskipta. Mögulega þekkja þeir ferli lögreglurannsókna, gæsluvarðhalds og afplánunar refsingar og forðast því handtöku af miklum móð.

Rannsókn var hætt í um 26 prósentum mála á árunum 2000-2005 en um fimmtungur þeirra fór áfram í ákærumeðferð. Áhugavert væri að bera þetta saman við málsmeðferð annarra ofbeldisbrotaflokka.

Sameiginleg umræða

Tilgangur rannsókna tveggja var að skoða tíðni og kringumstæður ofbeldisbrota gegn lögreglumönnum. Rannsóknirnar skoða tvær ólíkar hliðar á viðfangsefninu, annars vegar eigin reynslu lögreglumanna og hins vegar kringumstæður atvikanna og gerendur í þeim. Hér er leitast við að bera niðurstöður beggja rannsókna saman og skoða hvað sé líkt og hvað ólíkt með þeim.

Þegar báðar rannsóknir eru skoðaðar kemur í ljós að ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum eiga sér oftast stað á nóttinni og um helgar og þá gjarnan á umráðasvæði lögreglu svo sem í lögreglubifreið eða á varðstöð. Stundum er um að ræða einstaklinga sem einnig hafa verið handjárnaðir eða benslaðir vegna þess í hvaða ástandi þeir voru er lögregla hafði afskipti af þeim. Vera má að við þessar aðstæður hafi lögreglumenn ekki eins mikinn vara á sér en einnig ber að hafa í huga að mörg þessara mála fela í sér hótanir sem erfitt er að verjast með aðgerðum af hálfu lögreglumanna. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort mynd- og hljóðupptökubúnaður á lögreglustöðvum og í bifreiðum lögreglunnar gætu ekki dregið úr líkum á ofbeldi eða hótunum og jafnframt auðveldað framkvæmd lögreglurannsókna á þessum brotum.

Starfið setur lögreglumenn í þá hættu að verða fyrir ofbeldi þar sem eitt af hlutverkum þeirra er að halda uppi almannaoýruggi og allsherjarreglu. Þegar fólk er beitt ofbeldi kemur lögregla til aðstoðar. Árið 2005 voru tæplega 1.300 brot gegn lífi og líkama, utan kynferðisbrota, tilkynnt til lögreglunnar í landinu (Ríkislögreglustjóri, 2006). Tilkynningar um ofbeldisbrot eru flestar á laugardögum og sunnudögum sem eru sömu dagar og ofbeldi gegn lögreglumönnum átti sér oftast stað. Það er því ljóst að lögreglan kemur að töluverðum fjölda mála þar sem átök eiga sér stað og í mörgum tilfellum er um yfirfærslu á árásgirni að ræða þar sem lögreglan hindrar framgang ofbeldis af hálfu sakbornings til brotþola. Því má búast við átökum á vettvangi í vissum verkefnum lögreglumanna en til þess að draga úr líkum á meiðslum er mikilvægt að lögreglumenn séu vel þjálfaðir og samtaka á vettvangi.


Í spurningakönnuninni sem lögð var fyrir lögreglumenn voru þeir spurðir hvað þeir teldu að lögreglan gæti sjálf gert til þess að draga úr líkum á ofbeldi gegn lögreglumönnum. Þeir töldu að aukin fagmennska gæti skilað sér í færri árekstrum milli borgara og lögregluunnar. Þetta fellur vel að kenningum um gagnkvæmni þar sem því er haldið fram að ef fólk telur sig verða fyrir árásargjarnri hegðun eða óréttlæti finnst því réttlætianlegra að hefna sín og endurgjalda með álíka framkomu. Rannsóknir byggðar á tilraunasniði styðja þessar kenningar þar sem upphafsmaður óvinveittra samskipta er talinn árásargjarn og óréttlátur og því hafa ögrað öðrum. Það leiðir til þess að vitni telja að um réttláta sjálfsvörn sé að ræða (Mummendey og Otten, 2001). Lögreglumenn starfa oft við þær aðstæður að fólki finnst þeir skipta sér af að ósekju en átta sig ekki á því að lögregla vinnur eftir ákveðinni stefnu og verklagi sem byggir á lögum. Því kann það að gerast að viðbrögð almennings einkennist af vanþekkingu og upplifun á ranglæti. Lögreglumenn þurfa því að huga að því á vettvangi að almenningur býr ekki alltaf yfir þekkingu á verklagi þeirra. Með því að hafa þetta í huga er hægt að draga úr líkum á ofbeldi gegn lögreglumönnum. Það er þó ekki þar með sagt að viðmót lögreglumanna eitt og sér orsaki ofbeldið, heldur er það þáttur sem getur haft áhrif á viðmót borgarans og því mikilvægt að lögreglumenn séu meðvitaðir um áhrif af viðmóti sínu.

Í fyrri rannsóknum á ofbeldi gegn lögreglumönnum hefur verið bent á mikilvægi þess að ofbeldisbrotum gegn lögreglu sé fylgt eftir af lögreglustjórunum enda er um að ræða brot gegn valdstjórninni en ekki einstaklingum (Theodór Kristjánsson, 2003). Sama viðhorf kom fram þegar lögreglumennirnir voru spurðir en margir bentu á mikilvægi þess að niðurstaða næðist fram í þessum málum og að skilaboð væru skýr um að stjórnvöld líði það ekki að brotið sé á starfsmönnum þeirra. Í samantekt á skráðum ofbeldisbrotum gegn lögreglumönnum hefur komið fram að í mörgum tilvikum eru lögreglumenn spurðir hvort þeir vilji leggja fram kæru í þessum málum. (Theodór Kristjánsson, 2003). Þá kom fram þegar ferill mála var skoðaður að aðeins fjórðungur brota fór í ákærumeðferð. Þegar þau mál eru skoðuð sérstaklega m.t.t. lokastöðu ferils, kemur í ljós að 57 prósent þeirra enduðu með dómi, annaðhvort í héraði eða í Hæstarétti.

Í raun má segja að í rannsóknunum komi fram tvö þemu hvað varðar leiðir til að bregðast við og draga úr líkum á ofbeldisbrotum. Fyrst ber að nefna þætti sem snúa að þjálfun og búnaði lögreglumanna til að takast á við erfiðar aðstæður. Í annan stað má nefna viðbrögð kerfisins í kjölfar ofbeldis í garð lögreglunnar. Þjálfun lögreglumanna fer ekki eingöngu fram í lögregluskólanum heldur er einnig mikilvægt að embætti þjálfari og samræmi vinnubrögð í erfiðum aðstæðum. Hraða þarf afgreiðslu mála þar sem ofbeldi beinist gegn starfsmanni lögreglu þannig að niðurstaða fái sem fyrst. Til þess að auka starfsánægju lögreglumanna skiptir máli að þeir fái að fylgjast með ferlinu og séu upplýstir um ákvarðanir sem teknar eru í málum sem þeir tengjast. Til að hægt sé að hraða vinnslu mála er nauðsynlegt að skýrslugerð sé nákvæm. Brot á 106. og 107. grein almennra hegningalaga krefjast ásetnings geranda og því verður að huga vel að atvikslýsingu í frumskýrslu.

Þegar litið er til fyrirbyggjandi aðgerða á ofbeldi gegn lögreglumönnum er hægt að framkvæma áhættumat (e. risk assessment) til að meta hvaða lögreglumenn verða fyrir ofbeldi, við hvaða aðstæður og með hvaða hætti. Rannsóknirnar tvær veita upplýsingar fyrir áhættumat um þessi atriði. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í að skrá, fylgjast með og yfirfara tilvik ofbeldis gegn lögreglumönnum í þeim tilgangi að tryggja skilvirkni í úrvinnslu málanna. Út frá því er hægt að meta aðstæðubundna þætti sem tengjast forvörnum á ofbeldi og slysum en ýtarlegri greiningar er þörf á einstaklingsbundnum þáttum. Þegar kemur að viðbrögðum yfirstjórnar lögreglunnar við erfiðu atviki í störfum hennar er mikilvægt að veita starfsmanni þann stuðning sem hann þarf. Skrifleg áætlun um viðbrögð stofnunarinnar þarf að vera til staðar með niðurstöðum úr áhættumati og mati á forvörnum sem unnt er að beita. Áætlunina þarf að kynna fyrir starfsfólki. Stuðningur í kjölfar áfalls í starfi er ekki aðeins til þess til að draga úr líkum á einkennum áfallastreitu, heldur einnig úr starfsþrotum og kulnunar-einkennum.

Í könnuninni meðal lögreglumannanna kom fram að fimm þeirra höfðu orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til líkamlegrar fötlunar, t.d. örorku eða útlímamissis. Engin slík tilfelli komu fram í tilkynntum brotum til lögreglu. Líklega skýrist það af því að þegar mál voru tilkynnt til lög-



reglu voru upplýsingar um alvarlega áverka eins og örorku ekki fyrirliggjandi.

Niðurstöður sýna að lögreglumenn sem verða fyrir ofbeldi utan vinnutíma vegna starfans tilkynna það síður. Mögulega telja þeir erfðara að sækja þessi mál þar sem erfitt er að sýna fram á að hótun eða ofbeldi sé vegna starfa þeirra. Þessi tilgáta þarf þó að standast nánari skoðun.





Heimildir



Heimildir

- Berglind Helgadóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Kolbrún Ósk Hrafnisdóttir, Kristinn Tómasson, Svava Jónsdóttir og Þórunn Sveinsdóttir. (2001). *Könnun á heilsufari, líðan og vinnuumhverfi starfsfólks í öldrunarþjónustu*. Reykjavík: Vinnueftirlitið.
- Brown, B. (1994). *Assaults on Police Officers: An examination of the Circumstances in which such incidents occur* (Police Research Series Paper 10). London: Home Office Police Department.
